



## Eru ekki eðlileg vinnubrögð

KR-ingar ósáttir með framkomu Grétars Sigurðssonar

SÍÐUR 20 & 21

Sumarbæklingi Heimsferða er dreift með Fréttablaðinu í dag.

Heimsferðir

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. febrúar 2005 – 35. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000

### SUNNUDAGUR




**ADALFUNDUR FREYJU ÚRSKURÐ-ABUR ÓGILDUR** Fylkingarnar í kvenfélaginu Freyju í Kópavogi eru báðar ánægðar með niðurstöðu laganefndar Framsóknarflokksins. Gamla stjórnin telur valdaráni afstýrt en nýju konumar telja hann sjna að vinnubrögð þeirra hafi verið í lagi. **Sjá síðu 2**

**ALDNIR LÖGREGLUMENN HEITA VERNÐ** Fjörtánda tilraunin til að koma á röð og reglu í Sómaliu stendur nú yfir. Fyrstu meðlimir nýs þings landsins komu til höfuðborgarinnar umkringdir vopnuðum vörðum til varnar gegn vígasveitum stríðsherra og glæpamönnum. **Sjá síðu 4**

**ÁSTÆÐA FYRIR SJÁLFSSTÆÐIS-MENN AÐ HAFNA ÁHYGGJUR** Sjálfstæðisflokkurinn er í lægð miðað við útkomu ellefu síðustu skoðanakannana Fréttablaðsins. Próffessor í stjórnmálafræði segir sjálfstæðismenn eflaust hafa áhyggjur. **Sjá síðu 6**

#### VEDRID Í DAG



**VONSKUVEÐUR** Skaplegt veður í fyrstu. Vonskuveður síðdegis og í kvöld víðast hvar. Hversir norðan og austan í nótt. Mikil rigning sunnan og vestanlands. **Sjá síðu 4**

#### DAGURINN Í DAG



**EINLEIKUR Á FIDLU** Elfa Rún Kristinsdóttir leikur einleik á fidlu á tónleikum Símfónihljómsveitar áhugamanna, sem haldnar verða í Seltjarnarneskirkju klukkan fimm í dag. Fluttur verður fidlukonsert eftir Mendelssohn. Einnig verða flutt verk eftir Árna Björnsson og Josef Haydn. Stjórnandi verður Oliver Kentish.

Kvikmyndir	30	Myndlist	30
Tónlist	30	Íþróttir	24
Leikhús	30	Sjónvarp	32

### Meðalrestur dagblaða

#### Karlar 20-40 ára

61%

33%

Fréttablaðið Morgunblaðið

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup's nóvember 2004

# Engar reglur eru um boðsferðir

Engar formlegar reglur gilda um um boðsferðir alþingismanna eða blaðamanna. Þingmaður segir að krafan um gagnsæi eigi að ná til þingmanna rétt eins og lækna.

**BOÐSFERÐIR** Engar formlegar reglur gilda um boðsferðir alþingismanna, samkvæmt upplýsingum frá Alþingi.

Boðsferðir lækna hafa verið til umræðu í kjölfar fyrirspurnar Ástu R. Jóhannesdóttur á Alþingi. Ásta hefur gagnrýnt skort á reglum og segir að gagnsæi verði að tryggja. Hún sér enga ástæðu til að Alþingi sé undanskilið kröfunni um gagnsæi, en bætir við að boðsferðir geti auðveldað þingmönnum að fylgjast með nýjungum. Hún hafi sjálf, ásamt samgöngunefnd, þegið flug-

ferð í boði Atlanta á sínum tíma. „Mér fannst sú ferð afar gagnleg, en það var engin ástæða til að halda henni leyndri.“

Ásta segir ávallt vera matsatriði hvenær ferðir séu óviðeigandi. „Þingmenn þurfa að veita og meta hvenær boðsferðir stangast á við hagsmunum þeirra í starfi eða rýra trúverðugleika.“

Róbert Marshall, formaður Blaðamannafélags Íslands, segir engar formlegar reglur gilda innan þess um boðsferðir blaðamanna.

„Síðareglurnar eru okkar leiðarvísir og þar er kveðið á um að menn skuli varast að flytja fréttir af fyrirtækjum eða hagsmunasamtökum sem þeir eiga aðild að. Svo veit ég til að það eru reglur um þessi mál innan miðlanna sjálfra.“

„Síðaskrá Fréttablaðsins segir að blaðið hafni ferðum fylgi þeim skuldbindingar,“ segir Sigurjón M. Egilsson fréttaritstjóri.

Róbert segir fæsta miðla hafa fjármagn til að senda starfsmenn erlendis. „Ég tel að það eigi alltaf að

koma fram í frétt hvenær um boðsferð er að ræða og ég held að það hafi verið niðurstaða umræðna um þessi mál fyrir hálfu öðru ári.“

Jón Gunnar Grjetarsson, formaður Félags fréttamanna hjá ríkismiðlunum, tekur fram að dregið hafi úr boðsferðum, og segir sumar þeirra vera á mörkunum. „Við erum vakandi fyrir þessu því hagsmunarárekstrar koma til greina. Það er bæði nauðsynlegt og hollt fyrir stéttina að ræða þessi mál opin-skátt.“

bergsteinn@frettabladid.is



**BRÁK FLUGVÉLARINNAR HEFUR VERIÐ STAÐSETT** Heimamenn á dráttarvél aka framhjá alþjóðlegum friðargæsluliðum sem eru á leið til að aðstoða við leit að farþegaþotunni sem hrpaði í fjalllendi austur af Kabúl í stórhrið á fimmtudag. Brak vélarinnar fannst í gær.

Flak flugvélarinnar sem fórst í Afganistan staðsett í fjalllendi:

## Hætti við aðflug í Kabúl

**AFGANISTAN, AP** Björgunarsveitarmenn hafa staðsett flakið af afgönsku farþegaþotunni sem fórst í fjalllendi þarlendis fyrir tveimur dögum. Veður var slæmt og skyggni eftir því.

Lárus Atlason, sem nýkominn er frá Kabúl, hefur verið í sambandi við flugumsjónarmenn í

Kabúl. Hann segir að flugmaðurinn hafi verið hættur við aðflug að Alþjóðaflugvællinum í Kabúl vegna aðstæðna. Hann hafi verið á leiðinni á annan flugvöll í átt að Pakistan þegar honum fípaðist flugið í 11 þúsund feta hæð og flaug á fjall. Flugmaðurinn var í sjónflugi og því ekki á radar.

Björgunarmenn höfðu í gær ekki komist að flakinu vegna veðurs en 104 farþegar voru um borð í vélinni. Þeir voru allir taldir af.

Búist er við að rannsókn vegna slyssins hefjist á næstu dögum og þá komi nánar í ljós hvað gerðist.

- ghs

Viðskipti á sunnudegi:

Elsti karlmaður landsins: **105 ára á árinu**

SÍÐUR 14 & 15

**Darraðardans hjá Disney**

SÍÐUR 12 & 13



## Útsölulok

# GÖTU-MARKAÐUR

ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR






Bókaðu strax!

# Betri ferðir - betra frí

**Sumarfríð er dýrmætt:**  
Berðu saman gæði  
gististaða og þjónustu  
- verðið kemur  
á óvart.



**Sumarsól 2005**  
er komin og salan er hafin

**Opið í dag**  
að Lág múla 4, frá kl. 12-16

Hvessar  
krónu virði!

## AGUAMARINA

Costa del Sol  
23. júní í viku

**49.900\***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn,  
2-11 ára, í íbúð með 1 svefnherbergi

Fleiri eða færri? Finndu verð  
á þinni ferð á [www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is)

## FENEYJAR

flugsaeti í allt sumar

15. júní í viku

**29.920\***

á mann, m.v. að 2 fullorðnir og 2 börn,  
2-11 ára, ferðist saman

Fleiri eða færri? Finndu verð  
á þinni ferð á [www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is)

## HELIOS

Krít  
27. júní í viku

**54.500\***

á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn,  
2-11 ára, í íbúð með 1 svefnherbergi

Fleiri eða færri? Finndu verð  
á þinni ferð á [www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is)

## CLUB ALBUFEIRA

Portúgal  
27. júní í viku

**39.900\***

á mann, m.v. 2 fullorðna og 3 börn,  
2-11 ára, í íbúð með 2 svefnherbergjum

Fleiri eða færri? Finndu verð  
á þinni ferð á [www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is)

## CALA MILLOR P.

Mallorca/Sa Coma  
22. júní í viku

**39.900\***

á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn,  
2-11 ára, í íbúð með 1 svefnherbergi

Fleiri eða færri? Finndu verð  
á þinni ferð á [www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is)

## ROYAL BEACH

Magaluf  
22. júní í viku

**37.730\***

á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn,  
2-11 ára, í íbúð með 1 svefnherbergi

Fleiri eða færri? Finndu verð  
á þinni ferð á [www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is)

Skráðu þig í netklúbbinn

og þú getur unnið  
sólarlandaferð fyrir tvo

til Costa del Sol, Krítar, Portúgal eða Mallorca.

Farðu á [www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is) og skráðu þig í netklúbbinn.  
3 nöfn verða dregin út og birt á vefnum þann 1. mars.

SÓLARHAPPDRÆTTI - [www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is)

## Bestu utanlandsferðirnar

Samkvæmt skoðanakönnun Gallups hefur  
Úrval-Útsýn yfirburði í utanlandsferðum.

Hvaða ferðaskrifstofa býður upp á bestu utanlandsferðirnar?

Úrval-Útsýn 44%

Helstu samkeppnisaðilar

---

---

---



[www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is)



Nánari upplýsingar um verð, gististaði  
og ferðatilhögun á [www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is)

Lág múla 4: 585 4000 • Akureyri: 460 0600 • Vestmannaeyjum: 481 1450

**GENGIÐ**  
GENGI GJALDMIÐLA 04.02.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	62,42	62,72
Sterlingspund GBP	117,59	118,17
Evra EUR	80,90	81,36
Dönsk króna DKK	10,88	10,93
Norsk króna NOK	9,75	9,81
Sænsk króna SEK	8,90	8,95
Japanskt jen JPY	0,60	0,60
SDR XDR	94,62	95,18

Gengisvísitala krónunnar  
**111,45 +0,67%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Hlutafélag um hálendisveg:  
**Þjóðhagslega hagkvæmur kostur**

**SAMGÖNGUR** Stofnað hefur verið einkahlutafélagið Norðurvegur en tilgangur þess er að fjármagna frumrannsóknir og annast undirbúning hugsanlegs vegar yfir hálendið. Sú leið sem talsmenn Norðurvegur horfa helst til mun stytta leiðina á milli Reykjavíkur og Akureyrar um 81 kílómetra en gróflega áætlaður kostnaður við slíkan veg er frá 4,5 til 7 milljarða króna. Árlegur sparnaður vegfaranda er talinn vera vel á annan milljarð króna.

Stofnhlutafé Norðurvegur er 11 milljónir króna og er Kaupfélag Eyfirðinga stærsti hluthafinn í félaginu með fimm milljónir króna. Þar á eftir kemur Akureyrar með þrjú milljónir króna, Hagar með tvær milljónir króna en ein milljón skiptist á milli Kristjánsbakarís, Norðlenska, Kjarnafæðis, Trésmiðjunnar Barkar og Gúmmívinnslunnar. Andri Teitsson, framkvæmdastjóri KEA, er formaður stjórnar Norðurvegur en aðrir í stjórn eru



**HALLDÓR BLÖNDAL FLUTTI ÁVARP Á STOFNFUNDI NORÐURVEGAR**  
Stytting leiðarinnar á milli Akureyrar og Reykjavíkur skiptir sköpum, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki, sagði Halldór.  
Eiður Gunnlaugsson, forstjóri Kjarnafæðis, og Jóhannes Jónsson í Bónus en hann situr í stjórninni fyrir hönd Haga.

Bechtel:  
**Nýr upplýsingafulltrúi**

**ÁLVERSRAMKVÆMDIR** Bechtel, sem annast framkvæmdir við álver Alcoa í Reyðarfirði, hefur ráðið Björn S. Lárusson í starf upplýsingafulltrúa í stað Glúms Baldvínssonar sem sagði starfinu lausu í janúar eftir stutta viðveru. Björn hefur starfsreynslu sem ráðgjafi og verkefnisstjóri hjá byggingarverktökum, markaðs- og atvinnufulltrúi hjá Akranesbæ og sem dagskrárgerðarmaður og fréttaritari ríkisútvarpsins. Eiginkona Björns heitir Anna Kjartansdóttir og eiga þau fjögur börn.



**BJÖRN S. LÁRUSSON**  
Björn kemur í stað Glúms Baldvínssonar sem réð sig til starfa hjá undirstofnun Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna.

Sunnanátt og rigning:  
**Hvasst eða stormur**

**VEÐUR** Gert er ráð fyrir hvassvíðri eða stormi á vestanverðu landinu síðdegis og í kvöld. Í morgun bætti í vind á annesjum vestanlands og verður vindurinn að sunnan og suðaustan, 18-23 metrar á sekúndu um hádegi með rigningu sem færast síðan yfir landið í nótt. Í Reykjavík verður sunnan og suðaustan 15 til 20 metrar á sekúndu í dag, rigning og þriggja til sex stiga hiti. Skilin færast svo austur yfir landið og í fyrramálið ætti að vera suðvestan 10 til 15 metrar á sekúndu og skúrur eða él sunnan og vestanlands en úrkomulítið norðan og austan.

**Aldnir lögreglumenn heita vernd**

Fjörtánda tilraunin til að koma á röð og reglu í Sómalíu stendur nú yfir. Fyrstu meðlimir nýs þings landsins komu til höfuðborgarinnar umkringdir vopnuðum vörðum til varnar gegn vígasveitum stríðsherra og glæpamönnum.

**SÓMALÍA, AP** Hundruð gamalla sómalskra lögreglu- og hermanna hétu því að vernda nýja stjórn landsins og þing og gera sitt til að koma á lögum og reglu í landi sem hefur verið stjórnlaut í meira en áratug. Mennirnir sögðust reiðubúnir að vinna kauplaust ef stjórn og þing styddu við bakið á þeim þegar þau væru komin til valda. Mennirnir voru mættir í búningum sínum til að taka á móti hópi 30 þingmanna þegar þeir sneru aftur til Sómalíu og bjuggu sig undir að taka til starfa. Mörg ár eru liðin síðan lögregla og her störfuðu í Sómalíu. Þar hafa vígasveitir stríðsherra ráðið lögum og lofum frá því einræðisherrann Mohamed Siad Barre hrökklaðist frá völdum 1991.

koma á lögum og reglu í Sómalíu er sú fjörtánda í röðinni. Hinar hafa allar brugðist, þar á meðal myndun tveggja stjórna. Nýja þingið og ríkisstjórnin voru mynduð á friðarráðstefnu í Nairóbí, höfuðborg Kenía. Þingmennirnir 30 sem komu á dögnum til Mogadishu, höfuðborgar Sómalíu, voru fyrstu meðlimir þings og stjórnar sem komu til Sómalíu eftir myndun þings og stjórnar í fyrra. Þeir voru um-

kringdir vopnuðum vörðum tilbúnun til átaka við vígasveitir stríðsherra. Enda kom í ljós að full þörf var á vernd því bardagar geisðu í höfuðborginni meðan þingmenn skoðuðu hana. Þó að miklar vonir séu bundnar við stjórnina er ljóst að mikið verk er óunnið. Vígasveitir stríðsherra og glæpaliður fara sínu fram, eigna sér svæði, ræna fólk og setja upp vegatálma þar sem þær heimta toll af þeim sem fara um.



**FYRRUM HERMENN TILBÚNIR TIL STARFA**  
Þrátt fyrir að langt sé liðið síðan her og lögregla störfuðu í Sómalíu gegn glæpamönnum og vígasveitum til að koma á röð og reglu.

Skagafjörður:  
**Fór betur en á horfðist**

**LÖGREGLUMÁL** Fimm sluppu með minniháttar meiðsl í umferðaróhappi sem varð um áttaleitið í fyrrakvöld á Norðurlandsvegi í Skagafirði. Stór jeppabifreið rann til á hálfu, endasnerist út af veginum og valt upp á nefið og svo aftur á bak. Fimm farþegar voru í bílnum, þrjár fullorðnir og tvö börn. Tveir sjúkrahús fólk voru kallaðir út en meiðsl fólksins voru minniháttar sem þykir nánast kraftaverk. Allir farþegar voru í beltum eða barnabílstólum og telur lögreglan að það hafi ráðið úrslitum um að ekki fór verr.

Kirkjubæjarklaustur:  
**Bílvelta á svörtum bletti**

**LÖGREGLUMÁL** Ökumaður missti stjórn á jeppabifreið sinni í hálfu og endaði í hrauninu utan við þjóðveginn austan við Kirkjubæjarklaustur um miðnætti aðfaranótt föstudags. Á þessu svæði er símasambandslaust og því ekki hægt að gera viðvart. Fáir eru á ferli á þessum slóðum á þessum árstíma en vegfarandi tók ökumann og farþega upp í bíl sinn og kom þeim á heilsugæsluna á Höfn. Þau sluppu með minniháttar meiðsl en bíllinn skemmdist mikið. Svæðið þar sem óhappið varð er kallað „svarti bletturinn“ af lögreglu enda hafa mörg óhöpp og jafnvel banaslys orðið þar. Þar er eins og áður sagði ekki hægt að nota farsíma.

**LAUGARÁS BÍÓ**  
ÓDÝRT BÍÓ KR. 400

**TILBOÐS BÍÓ**

Aðeins krónur 400

**BÚI & SIMON**  
Aðeins krónur 400

**SALTKRÁKU 3**  
Aðeins krónur 400

ATH! SÝND KL. 1:50    ATH! SÝND KL. 2    ATH! SÝND KL. 2

**TILBOÐ Á ALLAR MYNDIR KL.2**  
**- AÐEINS 400 KR. -**

**Veðrið**

**VONSKUVEÐUR SÍÐDEGIS OG Í KVÖLD**  
Dagurinn byrjar með hæglatísveðri um allt land. Þegar liður á daginn hvesir mjög á sunnan- og vestanverðu landinu með mikilli rigningu. Í kvöld er helst að sjá að það verði kominn stormur víðast hvar. Sennilega hvesir þó ekki á Norðaustur- og Austurlandi fyrir en seint í kvöld eða jafnvel ekki fyrir en í nótt. Það er því rétt að minna á að festa lausamuni eða koma þeim í skjól. Betra að gera það áður en veðrið skellur á.

**Í dag**

**Á morgun**

**Þriðjudagur**

**Veðrið úti í heimi í dag**

Kaupmannahöfn	4°C skýjað	Frankfurt	3°C skýjað	Torrevieja	15°C léttskýjað
Oslo	4°C alskýjað	Prag	3°C skýjað	Róm	9°C léttskýjað
London	9°C léttskýjað	Amsterdam	4°C léttskýjað	New York	9°C heiðskirt
Paris	8°C skýjað	Varsjá	-4°C heiðskirt	Miami	24°C léttskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skýggó á kortinu. Minniháttar úrcoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

## Einstök tilboð á heimsborgaferðum



# 5.000 kr. afsláttur 5.–9. febrúar

Afslátturinn gildir þegar bókaðar eru pakkaferðir úr sumarþekkingi til eftirtalinn borga á ofangreindu tímabili:

**Kaupmannahöfn – Glasgow – Baltimore – Orlando – Minneapolis – San Francisco**

Flug og gisting

### Kaupmannahöfn

## Verð frá 24.930 kr.\*

á mann í tvíþýli í 2 nætur á Hotel Selandia, 14. - 16. október.  
Innifalið: Flug, gisting með morgunverði, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

\*Verðdæmi með 5.000 kr. afslætti

## Tilboð á flugi

**100 sæti** París 19.900\* kr.  
í maí og júní

**50 sæti** Helsinki 19.900\* kr.  
í maí og júní

**50 sæti** Berlín 19.900\* kr.  
í júní

**50 sæti** Madrid 19.900\* kr.  
brottför 18. eða 25. júní  
síðasta heimkoma 2. júlí

**100 sæti** Frankfurt 19.900\* kr.  
í maí og júní

**50 sæti** Mílanó 19.900\* kr.  
brottför 21. eða 28. júní  
heimkoma 28. júní eða 5. júlí

\* Verður að vera yfir aðfaranótt sunnudags og síðasta heimkoma 30. júní nema annað sé tekið fram.  
Takmarkað sætaframboð. Skattar innifaldir.  
Verður að bóka á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)

### Netsmellir – Alltaf ódýrast á netinu

## Verð frá 15.900 kr.\*

\*Netsmellur til Glasgow



Icelandair tekur við ferðaávisun MasterCard og orlofsávisunum VR í pakkaferðir.



Hafið samband við söluskrifstofur Icelandair eða við Fjarsölu Icelandair í síma 50 50 100 (svarað mánud. - föstud. kl. 9-17, laugard. kl. 9-17 og á sunnudögum kl. 10-16).





# Bolla Bolla

# 12.000

rjómobollur á ótrúlegu verði

99 kr/stk

Aðeins í dag, sunnudag



TILBOÐ  
319 kr/pk

Verð áður 419,-

**Myllu** vatnsdeigsbollur  
- 9 stk. í pk.



TILBOÐ  
349 kr/pk

Verð áður 459,-

**Myllu** vatnsdeigsbollur m/súkkulaði  
- 6 stk. í pk.



TILBOÐ  
349 kr/pk

Verð áður 459,-

**Myllu** bollur m/súkkulaði  
- 6 stk. í pk.

Gildir 6. febrúar eða á meðan birgðir endast.

## HAGKAUP

Skemmtilegast að versla







SIMPLY CLEVER

Frumskýnum

# Verðlaunagripinn – Skoda Octavia



Komdu og skoðaðu lúxusbíl á lágmarksverði



Aukabúnaður á mynd: áfölgur

Skoda Octavia **1.860.000 kr.**

## Skoda Octavia

Nýr Skoda Octavia er kominn, glæsilegur bíll sem hefur sópað að sér verðlaunum og viðurkenningum. Nýi bíllinn er stærri, öruggari og betur búinn en nokkru sinni og erfir helstu kosti fyrirrennara sinna: áreiðanleika, lága bílanatíðni og frábæra aksturseginnleika.

**Og eins og áður er Skoda Octavia á verði sem enginn sambærilegur bíll keppir við.**



### GullnaStýrið

Skoda Octavia hlaut nýverið Gullna stýrið, einhver eftirsóttustu bílaverðlaun heims.

**Opíð sunnudag frá kl.12 til 16**



Sýning hjá eftirtöldum umboðsmönnum: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100  
HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 170-174, sími 590 5000  
www.hekla.is, hekla@hekla.is





arguá - 05-0007

# Til hamingju!

Við óskum Samskipum hjartanlega til hamingju með hið nýja og stórglæsilega Arnarfell.



R. SIGMUNDSSON HF.



Slippfélagið  
Málingarverksmiðja



## SAMSKIP

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

Pannig hefur það komið fram að Eisner hafi brugðist ókvæða við þegar hann frétti að Ovitz hefði sent áramótaskeyti til Sid Bass, stærsta hluthafans í Disney. Þegar Eisner frétti af skeytasendingunni sendi hann Ovitz bréf þar sem hann krafðist þess að vita hvað Ovitz gengi til.

## Darraðardans hjá Disney

Yfirlýst markmið Disney er að gera fólk ánægt – og það hefur oft tekist. En ekki eru allir ánægðir. Stór hópur hluthafa er mjög ósáttur við Michael Eisner forstjóra og réttarhöld hafa leitt í ljós að fyrirtækjapolítíkin í Disney er óvenjulega hatrömm.

Disney-fyrirtækið hefur lengi verið notað sem fyrirmynd í stjórnunarfræðum sökum þess hve vel hefur tekist að innræta starfsmönnum þau megingildi sem ríkja eiga í rekstri fyrirtækisins. Mottóið er einfalt: „Gerum fólk ánægt“. Og þetta er haft sem viðkvæði meðal allra starfsmanna hvort sem þeir vinna við pýslusölu í Disneyworld eða stjórna stórum kvikmyndaverum.

Það er heldur engum blöðum um það að fletta að afrakstur ævistarfs Walt Disney hefur verið börnum meiri gleðigjafi en flest annað á síðustu áratugum. En velgengni Disney-fyrirtækisins hefur auðvit-

að haft sínar hliðarverkanir. Fyrirtækið er risastórt á alþjóðlegan mælikvarða. Það er metið á tæplega sextíu milljarða Bandaríkjadali á markaði, sem samsvarar um 3.600 milljörðum íslenskra króna. Völd þeirra sem stjórna Disney eru því gríðarleg og helstu stjórnendur hafa svo sannarlega ekki þurft að leþja dauðann úr skel.

### Aftur í kennslubækurnar

Á undanföllum árum hefur Disney-fyrirtækið tekist að gerast enn á ný að dæmisögu í stjórnunarbókmenntunum. Í þetta skipti þó ekki sem fyrirmynd heldur sem víti til varnaðar.

Forstjóri Disney, Michael Eisner, tók við stjórnartaumunum árið 1984 og hefur tilkynnt að hann láti af störfum á næsta ári. Árangur hans í rekstri fyrirtækisins fyrstu árin þótti fáheyrður og undir hans stjórn margfaldadist verðmæti og umsvif Disney-samsteypunnar. En á löngum tíma við stjórnvöllinn náði Eisner slíku ægivaldi yfir fyrirtækið að á síðustu árum hefur hluthöfum verið nóg boðið og háværar deilur um völd í félaginu hafa vakið nánast jafnmikinn áhuga í viðskiptaheiminum í eins og nýjustu teiknimyndir fyrirtækisins vekja meðal barna um heim allan.

Ákvörðun Eisner um að hætta

störfum á næsta ári kemur í kjölfar þess að innan hluthafahóps Disney hefur gagnrýni á starfsaðferðir hans farið orðið sífellt harðvítugri og meðal banabita Eisner eru málaferli sem nú eru uppi vegna starfslokasamnings sem Eisner gerði við vin sinn



Michael Ovitz eftir að hafa ráðið hann sér við hlið árið 1995. Ovitz entist rúm ár í starfi og hlaut 140

milljónir dala – um 8,4 milljarða króna – til viðbótar við næstum milljarð króna sem hann þáði í laun. Ekki hjálpar til að Eisner er sá stjórnandi sem fengið hefur

var auk þess náinn vinur Michaels Eisner og vörðu fjölskyldur þeirra flestum jólam og sumarfríum sam- an áður en upp úr sauð.

Eftir langvinnar samningaviðræður milli Eisner og Ovitz hausti 1995 komust þeir að samkomulagi um starfskjör, réttindi og skyldur. Stjórn Disney og launafundir fyrirtækisins fengu hins vegar lítið að fréttu af viðræðunum fyrr en allt var um garð gengið og höfðu því í raun ekkert að segja, hvorki um ráðninguna sjálfa né skilmálana. Vald Eisners á Disney-fyrirtækið var slíkt að orð hans voru lög.

Eftir að Ovitz og Eisner höfðu handsal- að samning sín á milli segir sagan að báðir hafi fyllst efasemdum og lýst því yfir við samstarfsmenn sína að þeir óttuðust að þeir hefðu gert stærstu mistök starfsferils síns. Á daginn kom að þetta var rétt.

### ...og gerði hann áhrifalaus

Ovitz varð forstjóri Disney en Eisner var áfram bæði stjórnarformaður og framkvæmdastjóri. Það kom hins vegar fljótlega í ljós að þrátt fyrir mynduglegan starfstil myndi það reynast Ovitz þrautin þyngri að hafa nokkur áhrif á rekstur fyrirtækisins. Næstráðendur Eisners voru æfir yfir ráðningu Ovitz, enda höfðu sumir þeirra gert ráð fyrir að þeir ættu sjálfir von um stöðuhækkun.

### Hluthafar sækja rétt sinn

Hluthafar í Disney hafa aldrei getað sætt sig við málaályktirnar milli Disney-fyrirtækisins og Ovitz og í haust hófust réttarhöld í Delaware. Hluthafarnir krefjast þess að starfslokasamningurinn verði ógiltur þar sem stjórnin hafi brugðist skyldum sínum við ráðninguna og að Ovitz eigi ekki rétt á bótum vegna brottrekstrarins. Málið hefur vakið mjög mikla athygli fyrir margra hluta sakir.

Í fyrsta lagi telja margir að með málshöfðuninni sé fótum loksins spynt við því alræðisvaldi sem stjórnendur stórfyrirtækja hafa um launamál og ráðningar í ædstu stöður. Í öðru lagi er tímasetningin áhugaverð þar sem fjöldi áþekkra mála hefur komið upp á síðustu árum og umræða um góða stjórnunarhætti fyrirtækja farið vaxandi samhlíða því.

Í þriðja lagi veita réttarhöldin innsýn í þann heim sem stjórnendur stórfyrirtækja starfa í. Þeir sem hafa fylgst með réttarhöldunum vegna starfslokasamnings Ovitz hafa orðið vitni að svo ótrúlegum lýsingum á samskiptum milli manna að hugmyndaríkustu leikskáld ættu í mestu erfiðleikum með að komast með tærnar þar sem raunveruleikinn hefur hælana.


### Réð vin sinn sem forstjóra

Þegar Michael Ovitz var ráðinn til Disney var hann einn áhrifamesti maður í Hollywood. Umboðs- skrifstofa hans hafði margar af skærustu stórnum kvikmynda- bransans á sínum snærum. Hann

### Stígast um skrifstofur

Þegar Ovitz mætti til starfa í höfuðstöðvar Disney-fyrirtækisins varð hann fyrir öðru afalli þegar í ljós kom að hann fékk ekki skrifstofu á sömu hæð í byggingunni og Eisner heldur höfðu allir óánægðu stjórnendurnir komið sér fyrir nálægt stjórnarformanninum valdamikla. Lýsingarnar á því hversu miklu máli þetta var talið skipta eru kostulegar fyrir þá sem ekki eru innviðgir í heim stórfyrirtækjapólítíkur.

Af lýsingum vitna í réttarhöldunum að dæma er heimur stjórna- enda í stórfyrirtæki á borð við Disney vægast sagt harðneskjulegur. Þar skiptir öllu hverjir tala við hverja, hvar menn eiga skrifstofu, hverjir sitja hlið við hlið á fundum og meira að segja hverjir fá jóla- kort frá hverjum. Pannig hefur það komið fram að Eisner hafi brugðist ókvæða við þegar hann frétti að Ovitz hefði sent áramótaskeyti til Sid Bass, stærsta hluthafans í Disney. Þegar Eisner frétti af skeyta-



**STARFSMENNTARÁÐ**



**Opinn fundur**

Starfsmenntaráðs verður haldinn þriðjudaginn 8. febrúar 2005, kl. 12:00-13:30 á Kaffi Reykjavík, Vesturgötu 2, Reykjavík.

**Dagskrá:**  
Úthlutanir úr starfsmenntasjóði 2004.  
Áherslur Starfsmenntaráðs við úthlutanir úr starfsmenntasjóði 2005.

Starfsmenntaráð starfar samkvæmt lögum nr. 19/1992 um starfsmenntun í atvinnulífnum. Það úthlutar styrkjum til starfsmenntunar og er stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumótun og aðgerðir á sviði starfsmenntunar.



**ÍSLENSK VERÐBRÉF**  
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!

460 4700 · www.iv.is

**Góð ávöxtun vegur þungt**  
– og þar erum við á toppnum!

**8,3%\***

**Verðbréf 3 - Peningamarkaður**  
Íslensk verðbréf - Eignastýring hf.  
\*Nafnávöxtun frá 01.12.2004 - 31.01.2005 á ársgrundvelli





**MICHAEL EISNER Í FRÍÐUM FÉLAGSSKAP** Michael Eisner og Bill Gates, forstjóri Microsoft. Greinilegt er að Mikka Mús og Mínu Mús líkaði vel þessi félagsskapur enda líklega eina „fólkið“ sem Eisner gæti ekki rekið úr starfi hjá Disney.

sendingunni sendi hann Ovitz bréf þar sem hann krafðist þess að vita hvað Ovitz gengi til og heimitaði að hann léti bein samskipti við hluthafa eiga sig.

#### Óbærileg staða

Staða Ovitz varð fljótlega algjörlega óbærileg innan fyrirtækisins enda hafði hann ekki umboð til að stjórna neinu né gera samninga eða hrinda í framkvæmd hugmyndum sínum. Eisner varð líka stöðugt ósáttari við vin sinn og upphóf skipulagða herferð gegn honum, meðal annars gagnvart stjórn fyrirtækisins. Í bréfi sem hann sendi bandamönnum sínum í stjórninni tæpu ári eftir að Ovitz var ráðinn sagði Eisner um Ovitz að hegðunarvandamál og lygar hans gætu leitt til hörmunga fyrir fyrirtækið og að enginn í fyrirtækinu, þar á meðal Eisner sjálfur, bæri traust til Ovitz. Nokkrum dögum síðar mætti Eisner í sjónvarpsþátt Larry King og þverneitaði sögusögnum um erfiðleika í samskiptum þeirra og fjölskyldur stjórnendanna tveggja héldu áfram að verja löngum stundum saman.

Skömmu áður hafði Ovitz sent Eisner bréf þar sem hann sakaði stjórnarformanninn um að geta ekki unnið með nokkrum manni eins og sæist á því að samskipti hans við alla næstráðendur í gegnum tíðina hefðu enda með hörmungum. Í kjölfarið reyndi Eisner að tæla Sony-fyrirtækið til að ráða Ovitz en á því hafði Ovitz ekki áhuga.

#### Neitaði að hætta

Viku eftir viðtalið hjá Larry King sendi Eisner einn undirmanna sinna á fund Ovitz með þau skilaboð að þjónustu hans væri ekki lengur óskad. Ovitz neitaði að samþykkja brottreksturinn og tveir mánuðir liðu þar til Eisner og Ovitz sendu út fréttatilkynningu þar sem kom fram að það hefði orðið að samkomulagi milli þeirra að Ovitz léti af störfum.

Nokkrum vikum áður hafði Ovitz dvalist með sameiginlegum vini þeirra Eisners á snekkju. Á ferðalaginu ræddi Ovitz við Gary Wilson um vandamál sín hjá Disney-fyrirtækinu. Í réttarhaldinu hefur komið í ljós að Wilson hringdi samviskusamlega í Eisner eftir hvert samtal og Eisner glósaði niður það sem hans nánasti samstarfsmaður hafði trúað vini sínum fyrir.

#### Stjórnlausir forstjórnar

Sagan af samstarfi Ovitz og Eisner

hjá Disney varpar ljósi á það hvernig andrúmið er meðal stjórnenda hjá bandarískum stórfyrirtækjum. Þar óttast allir um stöðu sína og beita öllum ráðum til að tryggja sig gegn samkeppni. Ferill Eisners hjá Disney er enn fremur að verða merki um þær hættur sem skapast þegar stjórnir fyrirtækja gefa kraftmiklum stjórnendum lausan tauminn og gefa þeim svigrúm til þess að sölsa undir sig öll völd í fyrirtækinu. [thkjart@frettabladid.is](mailto:thkjart@frettabladid.is)

M.a. byggt á AP, The Economist og New Yorker

## SÓLSTOFUR

Glerið ver gegn ofhitun sólskins, og hefur margfalt einangrunargildi gegn kulda og helst því kjörhiti inni. Viðhaldsfríar sólstofur.

## SVALAGLERHÝSI



SÝNINGARHÚS Á STAÐNUM

MJÖG HAGSTÆTT VERD VEGNA LÆKKUNAR Á GENGI DOLLARS

## TÆKNISALAN

Kirkjulundi 13 - Garðabæ - s: 565 6900 - [verkhonnun@simnet.is](mailto:verkhonnun@simnet.is)



# Híbyli vindanna

eftir Böðvar Guðmundsson

„Sýningin er veisla fyrir augað og gædd glæsilegum skyndiáhláupum í lýsandi mannlegum örlogum sem opna stór svið tilfinninga: ótta, vonar, ósigurs og vinninga, hláturs og harma.

Þetta er glæsilega hugsuð og velbyggð leiksýning sem er öllum þeim til sóma sem að hefni standa.“  
PBB DV

Leikgerð: Bjarni Jónsson  
í samvinnu við Þórhildj Þorleifsdóttur,  
Vytautas Narbutas og leikhópinn.

Viðskiptavinir KB banka fá **20%** afslátt af miðaverði á Híbyli vindanna í febrúar.

### BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3 • 103 Reykjavík  
Miðasala 568 8000 • [www.borgarleikhus.is](http://www.borgarleikhus.is)

**KB**  
KB BANKI  
-leggur tekistöðina í

## Frumkvöðlastuðningur - Hefur þú hugmynd? -



impra nýsköpunarmiðstöð  
Iðntæknistofnun  
Borgum við Norðurslóð  
600 Akureyri  
Sími 460 7970  
[www.impra.is](http://www.impra.is)  
[fjolaj@iti.is](mailto:fjolaj@iti.is)

Ert þú með **viðskiptahugmynd** sem leitt gæti til nýsköpunar í íslensku atvinnulífi?  
**Impra nýsköpunarmiðstöð** vekur athygli á **Frumkvöðlastyrkjum**.

Styrkir eru veittir **frumkvöðlum á landsbyggðinni** til verkefna á sviði:

- Nýnæmisathugana
- Hönnunarverndar
- Einkaleyfisumsókna
- Hagkvæmnisathugana
- Viðskiptaáætlana
- Þróunar og prófana

**Verkefnið er unnið í samstarfi við AVS, rannsóknasjóð í sjávarútvegi. Hvatt er til umsókna sem miða að auknu virði sjávarafurða.**

#### Skilmálar og umsóknarfrestur:

Stuðningur við frumkvöðul getur numið allt að **400 þús. kr.** gegn jafnháu framlagi styrkþega. Umsóknarfrestur er til **16. febrúar 2005**. Nánari upplýsingar má fá á [www.impra.is](http://www.impra.is) eða í **síma 460 7970**.



Það var svalan nóvemberdag árið 1900, þegar reykur liðaðist úr strompum torfbæja mót fallandi snjókörnun í sveitum Snæfellsness, að aldamótabarnið Guðmundur Daðason dró fyrsta andardráttinn í baðstofunni heima á Dröngum á Skógarströnd. Síðan hefur Guðmundur upplifað önnur aldamót; meira að segja nýtt árbúsund. Orðinn allra karla elstur á Íslandi og stendur frammi fyrir blæstri 105 kerta þegar kemur að afmæliskökunni í ár.

#### Ástin og lífið

Í dag býr Guðmundur í hífylum þeim sem nunnur reistu í Garðabæ; dvalarparadísinni Holtsbúð. Hann situr uppáklæddur í stílfögum jakkafötum í hægindastól sínum; rær aðeins fram í gráðið, talar hægt, nokkuð skýrt og rólega; með löngum hléum á milli. Í andlitinu má greina lífsreynslu síðustu 105 ára. Hendur hans eru stórar og karlmannlegar; húðin á þeim þunn og æðaber. Hár hans er silfurgrátt, hreint og fallega greitt og yfir augum hans liggur slíkja ellinnar, þar sem stundum blikar á tár, eins og oft má greina í augum gamla fólksins. Við hlið hans á náttborðinu er mynd af ástkærri eiginkonunni, Sigurlaugu Maríu Jónsdóttur, sem fór á undan til Guðs; ljóshærðri með síðar fléttur og yndisblíða ásjónu.

„Hún var hárrúðasta kona sem ég hef séð fyrr og síðar. Með hár ofan í hnésbætur; liðað, þykkt og fagurljóst. Ég sá hana fyrst í kirkjunni heima á Skógarströnd. Þá var hún tíu og ég átján ára. Hún sat við hlið systur sinnar á næsta bekk og mér þótti ákaflega bjart yfir henni. Hár hennar var slegið niður á herðar og á það sló gylltum blæ í sólskininu,“ minnst Guðmundur blíðri röddu og með söknuð í augunum.

„Svo leið og beið; við kynntumst betur eftir því sem hún varð eldri. Mér leist alltaf á hana og fór á endanum að kanna málin; og það var eins og það væri sjálfsagt. Hún var 24 ára þegar við tókum saman; nýbúin að ljúka prófi frá Hússtjórnarskólanum á Staðarfelli. Hún var góð kona, umhyggjusöm og hugsaði um hag heimilisins. Já, ég var alltaf eitthvað svipað skotinn í henni,“ svarar hann glettnislega og bætir við: „Ástin skipar svo stóran sess í lífinu.“

#### Langlífi á ættinni

Guðmundur stendur hjálparlaust og kvikur upp úr stólum, meðan hann leyfir lúnum stafnum að hvíla sig við rúmstokkinn. Býður til sætis við uppdúkað borð við gluggann sem snýr að fjöllunum í norðri. Segist sitja þar löngum stundum og njóta birtunnar. Það er langlífi á ættinni. Móðir hans, María Andrésdóttir, var orðin 106 ára þegar hún hélt á vit feðra sinna 1965; systir skáldkvennanna Ólínú og Herdísar. „Ég fann enga breytingu að vera orðinn elstur íslenskra karla; því fylgir engin sérstök tilfinning, nema hvað ég verð aðeins var við að sumir eru forvitnir að sjá mig og tala við mig,“ segir Guðmundur kankvís. „Aldurinn verður ekki umflúinn; þetta líður áfram hvort sem manni líkar betur eða verr.“

Þegar hann er spurður hvernig hann eyði dögum segir hann mestan tíma fara í það að liggja út af og gera ekki neitt.

„Ég vakna yfirleitt milli fimm og sex á morgnana og læt svo tímánn líða, þótt hann líði ekki alltaf hratt. Ég get ekkert lesið lengur en horft smávegis á sjónvarp; horfi á fréttir og Kastljósið og kannski bíómynd ef hún er íslensk. Ég nota svo heyrnartæki til að hlusta bæði á útvarp og sjónvarp, á milli þess sem ég legg mig.“



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## Trúir á góða heimkomu

Guðmundur Daðason frá Skógarströnd á Snæfellsnesi er elsti karlmaður Íslands; 105 vetra í nóvember. Hann er kvikur í hreyfingum, hnarreistur, glettinn og skýr í hugsun; já, fallett gamalmenni. Auk þess elsti framsóknarmaður lýðveldins, sem fylgist vel með þjóðmálum. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir fékk visku hans notið yfir kaffi og kleinum.

#### Í ráðherrabíl á þorablót

Það er bankað á dyrnar í herberginu hans Guðmundar og inn kemur brosmild stúlka með kaffi, kleinur og smurt brauð með kindakæfu og gúrku á fati. Guðmundur fær sér kaffisopa með mjólk og sökkvir tönnum í nýbakað brauðið.

„Ja, ég geri orðið ósköp lítið mér til skemmtunar,“ segir hann brosmildur og hugsar. „Það er helst að ég láti hugann reika um endurminningarnar en fátt leiðinlegt hefur gerst í mínu lífi, og það verði þeim mun dýrmætara og gleðilegra. Ég hef gert lítið af því að fara á böll en hef þó farið á tvö síðustu þorablót framsóknarmanna vegna þess að Siv Friðleifsdóttir hefur boðið mér persónulega og sent ráðherrabílinn eftir mér. Hún var borðdama mín í ár og ég skemmti mér stórkostlega, en Þóra Karlsdóttir framkvæmdastjóri Holtsbúðar var svo indæl að fylgja mér líka. Annars var ég meira fyrir að skemmta mér á árum áður en ég í raun framkvæmdi.“

Guðmundur á fimm börn, öll á lífi, en samtals eru afkomendurnir orðnir milli sextíu og sjötíu talsins. Hann segist fá talsvert af heimsóknunum og stórfjölskyldan haldi honum jafnan veislu á afmælinu.

„Ég fæ mikið af afmælissjöföfum og mesta furða hvað fólk hefur hugsun á að gefa svo fullorðnum manni. Ég fæ alltaf talsvert af vni og konfektí, náttfötum, sokkum og ýmsum fatnaði. Um daginn athugaði ég með nokkra óupptekna pakka og fann í einum þeirra dýrindis nærboli, sem komu sér vel, en það er gaman að eiga pakka til að

grípa til og opna,“ segir Guðmundur glaðhlakkalegur.

#### Í lífsháska á Skógarströnd

Fyrir ofan rúmstæði Guðmundar hanga tvö málverk; annað af torfbænum Setbergi og hitt af Ósi á Skógarströnd, en bæirnir liggja saman og voru báðir heimili Guðmundar.

„Eftir að ég fæddist á Dröngum bjó ég til fimm ára aldurs að Narfeyri en þaðan fluttum við fjölskyld-

“ Skemmtilegust voru öll þau ár sem ég hafði sjón og heyrn. Ég hef átt mörg áhugamál gegnum tíðina; meðan ég bjó að Ósi var það að bæta jörðina og slétta þýfð túnin, en eftir að ég flutti í bæinn þótti mér gaman að vinna á Gúmmivinnustofu Þorsteins Kristjánssonar í Súðarvoginum, þar sem ég vann fram yfir áttrett.

an að Setbergi. Þar bjó ég í torfbænum þar til ég fann mér konu efni og keypti Ós á Skógarströnd, þar sem ég bjó allan minn búskap, frá 1933 til 1968, eða þar til bærinn brann. Eftir það fluttum við hjónin til Reykjavíkur en fórum vestur á hverju vori, undir eins og fór að lifna jörð, og dvöldum fram á haust. Þannig má segja að við höfum búið að Ósi til 1990, á meðan

konan mín lifði, en hana missti ég árið 1990,“ segir Guðmundur örlítið viðkvæmur í rómnum.

Hans fyrsta minning tengist Narfeyri, en þá var hann á fimmta árinu.

„Jón bróðir var hálfu öðru árinu eldri og tók upp á ýmsu, strákurinn sá. Við vorum alltaf saman úti og ég fylgdi honum vitaskuld alveg í blindni. Eitt sinn komum við að mógröfum, barmafullum af vatni. Það hafði fryst um nóttina og komið þunnt þel ofan á vatnið. Við fórum að bakkanum og köstuðum freðnum móögnum til að keppa um hver sletti hærra. En svo fylgdi ég heldur vel eftir, fór á hausinn og á bólakaf ofan í frosna gröfina, en skaut strax upp við bakkan aftur. Man ekki hvernig það gekk til en sjálfsagt hefur Jón náð í mig og við hjálpast við að ná mér upp úr kalsanum. Við hættem þá leiknum og fórum heim þar sem mamma háttaði mig ofan í rúm, en þetta er eini lífsháskinn sem ég hef lent í um dagana. Mér fannst gott að búa í torfbæ þótt oft væri rakt inni og jafnvel þrír krakkar í hverju rúmi. Torfbæirnir voru miklu hlýrrir en ný timburhús þess tíma, sem voru illa einangruð, en frostaveturinn mikla 1918 var mun hlýrra í torfbæjunum, man ég.“

#### Bóndi en ekki gamalmenni

Þegar fylgst er með unglíngum Guðmundi mætti auðveldlega trúna að þar færi ern maður um nírrætt en ekki 105 ára öldungur. Hann segist engin dugandi ráð eiga í handraðanum þegar kemur að góðri heilsu og langlífi.

„Nema hvað hreyfing er öll af hinu góða. Ég hef þurft að hreyfa mig síðan ég fæddist og þurfti að sýna hvað ég væri orðinn stór. Við Jón bróðir kepptum í ýmsu og stunduðum alvöru íþróttir líka. Þá er ótalin vinnan heima í sveitinni; heyskapur og jarðvinna, þetta voru mörg handtök. Þá var ekki sjónvarpið til að spilla fyrir og stela tíma fólks. Ég hef ætíð farið vel með mig; aldrei reykt og drukkið lítið vín um dagana, auk þess sem ég er enginn sælgætisgrís,“ segir hann hlæjandi og stendur á því fastar en fótunum að vera ekki orðinn gamall.

„Mér hefur aldrei fundist ég vera gamalmenni og upplifi mig fremur ungan. Finnst gott að geta lifað áhyggjulausu lífi, en í raun er hvorki skemmtilegt né leiðinlegt að verða gamall. Víst er gaman að vera ungar, en ekki að eilífu. Ég hefði þó gjarnan viljað fæðast í dag, því nú er svo margt á boðstólum sem ekki var.“

Guðmundur segist þó vafalaust mundu hafa valið sér aftur starf bóndans. „Það er ekki til skemmtilegra starf ef afkoman er góð, því þá getur maður stolið frjálsum tíma til að gera sér eitthvað til yndisauka. Sem bóndi er maður sjálfsins herra og fátt meira gefandi en sauðburðurinn með litlu lömbunum og haustin þegar maður gefur búfenaði á jötuna og það raðar sér niður til að tryggja hey. Þetta er líka heilsusamlegasta starfið í boði. Mun hollara en að sitja innilokaður á skrifstofu alla daga.“

Guðmundur eignaðist aldrei bíl né tók bílpróf í blóma lífsins.



HEIMSHORNIÐ

Kringlunni 4-12 • 3. hæð • sími 51 50 800 / 51 50 801 • www.heimshornid.is

Heillandi heimur

- hótélíbúðir um allan heim

- þúsundir gististaða

- klúbbadild á frábæru verði

- fjölbreytni og vildarkjör



## Opið í dag sunnudag



# Útsala 50%

	Áður	Nú
Ullarkápur	29.900	15.000
Mokkakápur	25.900	13.500
Ullarjakkar	9.900	4.900
Úlpur	12.900	5.900
Úlpakápur	22.900	11.500
Dúnúlpur	12.900	6.500

Mörg góð tilboð

# TOPP HÚSIÐ

Mörkinni 6, 108 Reykjavík, sími 588 5518

Opið í dag sunnudag 12-16

## ferðir o.fl.

- ✓ Á FIMMTUDÖGUM
- ✓ Smáauglýsingasíminn er 550 5000
- ✓ auglysingar@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ

## Strengjabrúður yfirvalda

[ KVIKMYNDIR ]

UMFJÖLLUN

Síðasta mynd sem Trey Parker og Matt Stone gerðu í fullri lengd var South Park: Bigger, Longer & Uncut. Reyndar var hún ekki uncut því að bandarískir ritskoðendur gátu ekki afborið að sjá Saddam Hussein hafa endaparmsmök við djöfulinn, og var sú sena því snyrtilega klippt út. Þar á undan gerðu þeir hina heimatilbúnu Cannibal! The Musical sem var álika smekklaus. Þeir hafa alltaf verið fremstir í þeirri list að ganga yfir strikið í kvikmyndum sínum og sjónvarpsþáttum. Í nýjustu mynd þeirra, Team America: World Police, sjáum við bæði sveitta kynlífssenu og ógeðslega ælusenu þar sem einu þáttakendurnir eru strengjabrúður. Þó er hér á ferðinni meira en bara sæt og fyndin brúðumynd með kúk og piss bröndurum. Team America er eins augljós ádeila og þær gerast. Góðu kallarnir eru úrvalsið sérþjálfaðra hermanna sem valda meiri eyðileggingu í baráttu sinni gegn hryðjuverkum en hryðjuverkamennirnir sjálfir. Vondu kallarnir eru Kim Jong-il og frjálslýndir Hollywood-leikarar með Alec Baldwin í broddi fylkingar. Einnig bregður þarna fyrir Michael Moore þar sem hann kallar bandarísk yfirvöld fasista og sprengir sjálfan sig upp í sjálfsmorðsárás. Handritið er viljandi hallærislegt, enda er verið að hæðast að melódramatískum hasarmyndum í anda Jerry Bruckheimer. Brúðurnar eru svo faglega fáránlegar að það er bara falllegt.

En fyrst og fremst er þetta pólitísk ádeila. Aðalskotsþónn Parkers og Stones er bandarísk yfirvöld og utanríkisstefna



TEAM AMERICA: WORLD POLICE  
AÐALHLUTVERK: TREY PARKER,  
MATT STONE, KRISTEN MILLER

NIDURSTADA: Það eru sjálfar brúðurnar (sem eru tilvísun í gömlu Thunderbirds-þættina) sem gera þessa mynd að snilli. Þær eru svo absúrd í þessu samhengi að maður hlær meira að segja þegar myndin á ekki að vera fyndin, og það er jákvætt í þessu tilfelli.

þeirra. Undirtitill myndarinnar er World Police, sem segir í raun allt sem segja þarf. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem þeir taka fyrir þetta viðfangsefni. Til dæmis segir fyrirnefnd South Park-mynd frá því þegar Bandaríkin gera innrás í Kanada. Það er svo ótrúlega margt fyndið í Team America. Eg vil sérstaklega benda á atriðið með Kim Jong-il og Hans Blix. Auk þess er kynlífsatriðið tímamótaverk. Og svo er það Matt Damon, sem stelar senunni í hvert sinn sem hann birtist. En það eru sjálfar brúðurnar (sem eru tilvísun í gömlu Thunderbirds-þættina) sem gera þessa mynd að snilli. Þær eru svo absúrd í þessu samhengi að maður hlær meira að segja þegar myndin á ekki að vera fyndin, og það er jákvætt í þessu tilfelli.

Hugleikur Dagsson

**Astrid Lindgrens**

**Sjóræningjar á  
SALTKRÁKU  
3**

LAUGARÁS BIÓ ÍSLENSKT TAL Borgarbió

**TILBOÐ**

**SKÓLAOSTUR**

**KAUPTU 1KG  
AF SÉRMERKTUM  
SKÓLAOSTI Í NÓATÚNI, 11-11  
EDA KRÓNUNNI OG ÞÚ FÆRÐ  
BÍOMIDA Á NÝJU  
BARNAMYNDINA  
SJÓRÆNINGJAR Á  
SALTKRÁKU Í KAUPBÆTI.**

NÓATÚN KRÓNAN KOSTAR MINNA





Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK	9.52 13.42	17.33
AKUREYRI	9.47 13.26	17.07

Heimild: Almanak Háskólans

## FRÉTTABLAÐIÐ

**Góðan dag!**

Í dag er sunnudagurinn 6. febrúar, 37. dagur ársins 2005.

### STÖRF Í BOÐI

- Söluráðgjafar
- Gjaldkeri
- Forritarar
- Markaðsmál
- Sölumenn
- Rannsóknarmaður
- Hjúkrunardeildarstjóri
- Kynningarmál
- Viðskiptaþróun
- Verkstjórar
- Bílstjórar
- Matreiðslumenn
- Bókarar
- Yfirþerna
- Kennarar
- Skrifstofustörf
- Aðstoðarfólk
- Glerskuðarmaður
- Príf

### SMÁAUGLÝSINGAR byrja í dag á bls. 13

#### Flokkar & fjöldi

Bílar & farartæki 79 stk.

Keypt & selt 29 stk.

Þjónusta 21 stk.

Heilsa 7 stk.

Skólar & námskeið 3 stk.

Heimilið 9 stk.

Tómstundir & ferðir 4 stk.

Húsnæði 15 stk.

Atvinna 12 stk.

Tilkynningar 3 stk.

Þú getur pantað smáauglýsingar á [www.visir.is](http://www.visir.is)



atvinna.oft.

Vantar fólk á Kárahnjúka BLS. 2 Starfsfólki bannað að reykja BLS. 2

Verktaki undir fölsku flaggi BLS. 2 Innflytjendur í Bretlandi fá illa meðferð BLS. 2

# allt - atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR?

MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS



„Það er mikil vinna í vöndunum en ég geri þá mér til gamans,“ segir Margrét, sem kann því illa að vera iðjulaus.

## Hefur selt eigin bolluvendi í tæp 70 ár

Margrét Sigurðardóttir hefur búið til bolluvendi í áratugi. Þó að hún sé komin yfir áttírett heldur hún sínu striki og býr til bolluvendi í hundradavís til að selja í búðum.

„Ég byrjaði að búa til bolluvendi þegar ég var þrettán ára ásamt nokkrum vinkonum mínum. Við seldum vendina í bakarí sem var í næsta húsi við mig í Hafnarfirðinum. Síðan hefur ekki fallið eitt einasta ár úr hjá mér,“ segir Margrét og hlær. Nú selur hún vendina í ýmsar verslanir á höfuðborgarsvæðinu og eftirspurnin er misjöfn eftir árum. Heima hjá henni liggur fallega brotinn kreppappír í öllum regnbogans litum á borðinu og blómlegir bolluvendur brosa við milli. „Til að byrja með bjó ég til þrjár til fimm rósir úr pappírnum á hvern vönd en eftir að fjöldinn varð meiri hef ég breytt forminu og búið til lykkjuvendi,“ segir hún.

Strax á haustin byrjar undirbúningurinn undir bolludaginn. „Það er rosaleg vinna í

vöndunum, því það er seinlegt að búa þá til og tímakaupið er ekki hátt,“ segir Margrét, sem kveðst gera vendina sér til gamans. Hún hafi alltaf verið atorkusöm og henni þyki fátt verra en að sitja iðjulaus. Margrét vann utan heimilis þar til hún varð 78 ára, síðustu sextán árin í Ora en eftir það hefur hún verið á fullu í félagsstarfi aldraðra og meðal annars verið forkólfur í gönguhópi. Hún segist ganga þrjá til fimm kílómetra á hverjum degi, hvernig sem viðri, og telur það allra meina bót. „Ég fékk göngustafi í jólagjöf og nú skeiða ég um allt hvernig sem færðin er,“ segir hún og bætir við: „Ég hef aldrei keyrt bíl og tel það mikla gæfu því annars væri ég örugglega ekki svona hraust.“

gun@frettabladid.is

## LIGGUR Í LOFTINU í atvinnu

Barneignir hjálpa breskum konum ekki á vinnumarkaðinum samkvæmt nýrri könnun. Á ári hverju missa þrjátíu þúsund breskar konur vinnuna sína sökum þess að þær eiga von á barni. Næstum því önnur hver barnshafandi kona verður fyrir mismunum af einhverju tagi í starfi sínu. Þetta sýnir könnun sem gerð var af breska jafnréttisráðinu og skýrt er frá á heimasíðu Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, v.r.is. 440 þúsund barnshafandi konur eru á breskum vinnumarkaði á hverju ári. 45 prósent þeirra hafa orðið fyrir mismunum, 21 prósent hefur orðið fyrir fjárhagslegum skaða og 5 prósent sættu þrýstingi um að segja upp störfum.

gengur í garð því hápunkti er ekki náð.

Amerískir vinnuveitendur sögðu upp 92.351 starfskrafti í janúar, sem er fimmtán prósentum minna en í desember. Þetta er fyrsti mánuðurinn síðan í ágúst sem uppsagnir hafa verið minni en hundrad þúsund. Meira en þriðjungur af uppsögnunum var í ríkisfyrirtækjum, fjármálagæiranum eða bílaiðnaðinum en í hverjum þessara geira var um tíu þúsund manns sagt upp. Samskiptafyrirtæki sögðu upp fimmtán hundruð manns en sú tala er sögð munu aukast á næstu mánuðum.

Ný rannsókn í Bretlandi leiðir það í ljós að meira en helmingur fólks trúir því að það þjáist af veiki vegna vinnunnar. Einkenni þessarar veiki eru til dæmis síþreyta, höfuðverkir, þunglyndi og jafnvel ofsakvíði. Enn fremur töldu tveir af hverjum tíu að vinnuálagið væri of mikið. En ljósi punkturinn er að helmingurinn af fólkinu er fullnægður í vinnunni og finnst gaman að hafa nóg fyrir stafni. Tólf hundruð manns voru spurðir um vinnuvenjur og framkomu.

atvinna@frettabladid.is



## Skrifstofumaður

Skrifstofumaður óskast í 3 mánuði í fullt starf við skráningu á starfsmannauplýsingum í Oracle mannauðskerfið á LSH.

Hæfniskröfur: Góð almenn tölvukunnátta, reynsla af gagnavinnslu og notkun töflureiknis, góðir samskipta- og skipulagshæfileikar og nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Menntunarkröfur: Minnst stúdentspróf eða sambærilegt. Umsóknarfrestur er til 11. febrúar 2005.

Upplýsingar veitir Emelía Bragadóttir, hagfræðingur, skrifstofu starfsmannamála, í síma 543 1324, netfang [emelia@landspitali.is](mailto:emelia@landspitali.is)

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksstötu 5, á heimasíðu [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is)

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Jórunn Oddsóttir kemur til landsins. Verður á landinu í ca. 4 vikur, frá 21. febr. Þeir sem hafa áhuga á tímappöntunum vinsamlega hafið samband í síma 1147 5174 9764 eða 0047 9806 0578.

**Skemmtanir****Trésmíði**

Húsasmíður með allhliða reynslu getur bætt við sig verkefnum úti sem inni. Tilboð eða tímavinna. S. 848 2680.

**Viðgerðir**

Gerir við fót og sauma gárdínur, ódýr og góð vinnubrögð. Sími 867 3655 e. kl 16:00, 587 0780.

**HEILSA****Heilsuvörur**

11 kíló farin með Shape-works. Borðið og grennist! Edda S. S. 861 7513 & 820 7547.


Frábær líðan. Alveg síðan. Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

**Líkamsrækt**

Til sölu Weider lyftingabekkur, fullkominn stöð með niðurtögi fótappressu og fl. 130 kg af lóðum uppl. 899-3525

**Fæðubótarefni**

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

**Snyrting****Námskeið**

Fyrirlestur og matreiðslunámskeið. Finnst þér flókið að borða hollt? og of margar fæðustefur í gangi? Leyfðu Þorbjörgu næringarperapista og Uma-hro kokki að einfalda það fyrir þig. 10 grunnreglur þar sem þau draga saman það sem virkar í Atkins, South Beach, nýja fæðupýramídanum og öðrum vinsælum fæðustefnum sem ríka í dag. Ein kvöldstund 7. eða 8. febl. kl 19-23. Nánari upplýsingar á www.madurlif-andi.is og í síma 692 8489.

**Barnið**

**Barnshafandi konur!**  
Yoga fyrir ykkur, líðandi, styrkjandi, sérstök öndun og slökkun. Yogastöðin Heilsubót Síðumúla 15. S. 694 6103.



**Systems Administrator**  
MCSA kerfisstjóranám 270 st á aðeins kr. 209.900. Hefst 7. febr. Rafiðnaðarskólinn www.raf.is

**Feng Shui.**

Ráðgjöf, einkahugræktarþjálfun. Nánari uppl. á www.fengshui.is eða í s. 698 7695, jkt@centrum.is

Dulspekinámskeið - www.tarot.is Tarotnámskeið-Talnaspekinámskeið. Fjarnámi/bréfaskeiði. Uppl. á vef og í s. 553 5381.

**Húsgögn**

Vönduð eldhúsinning til sölu 25 þ., Blomberg eldavel, Siemens uppþottavél, ísskápur, borðstofuhúsgögn, kommódur og píanóstóll. Upplýsingar í s. 893 1388.

Stækkanlegt borðstofuborð úr 170 cm, í 270 cm., sex stólar úr kísurbjörvið. Verð 30 þús. Uppl. í s. 565 4208 eða 662 4684.

**Antik**

Borðstofuset til sölu gamalt og falgelt. Tilboð óskast. S. 557 1535 og 896 7969.

**Heimilistæki**

Til sölu v. flutn. erl. Hotpoint þvottavél og þurrkari. Vel með farin. Verð aðeins 25 þ. Uppl. í síma 697 8510.

**Dýrahald**

Boxer hvolpar til sölu, ættbók frá HRFÍ. Uppl. hjá ræktanda í síma 891 8997.

**30% Vetrarfláttur!**


Allar gæludýravörur með 30% afsl. Full búð af nýjum vörum. Opið alla daga. Tokyo, Hjallahrauni 4. Hlj., s. 565 8444.

Svartir Labrador Retriever hvolpar til sölu. Heilsufarsskoðaðir. Uppl. í 820-1850

Til sölu hreinræktaðir Boxerhvolpar, ættbókafærðir og heilsufarsskoðaðir, tilbúnir til afhendingar. Uppl. í síma 660 3141.

**Ýmislegt**

Borðstofuhúsgögn, borð + 6 stólar og skenkur. Vel með farið, fæst á góðu verði. Uppl. í s. 698 5642.

**Ferðalög****Ferðir fyrir sérhópa**


Litlir hópar - lífandi ferðir. Ferðaskrifstofan Ísafold, s. 544 8866. www.isafoldtravel.is

**Ferð fyrir matarklúbba**

"Matur, mannlíf og menning í London" Litlir hópar - lífandi ferðir. Ferðaskrifstofan Ísafold, s. 544 8866. www.isafoldtravel.is

**Fyrir veiðimenn**

www.sportvorugerdin.is



- heilsbugar um þinn hag -

Suðurlandsbraut 50 · bláu húsin v/Faxafen · 108 Reykjavík

**533 4300**

Ingvaldur Mar Ingvaldsson · viðskiptafræðingur  
Símar 513-4319 & 821-2577 · ingvaldur@husid.is

**TIL SÖLU...**

**Hreingerningarfyrirtæki** með fasta viðskiptavinum, góður rekstur fyrir vinnusamar hendur.

**Steinsmiðja** með góða veltu. Góð framlegð. 4-6 starfsmenn. **Sólbaðsstofa** á stað. Möguleikar á viðbótarrekstri.

**Grill og söluturn** í eigin húsnæði í úthverfi borgarinnar.

Staður í góðum rekstri, 20 ára saga.

**Járnsmiðaverkstæði** á uppleið, mjög góð leið fyrir vinnusaman og laghentan járnsmið.

**Fyrirtæki með plastvinnu**, kjörin viðbót við annað samþæflegt fyrirtæki.

**Steikhús** sem nýlega hefur verið endurnýjað að stórum hluta, nýtt eldhús með nýjum tækjum, rekstur fyrir fólk sem vill skapa sínum stað sína eigin sögu.

**Smurbrauðstofa** með mikla og góða viðskiptavild, fjölþættur rekstur, bakarí og pizzastaður einnig. Viðskiptavinir á öllu stórhöfuðborgarsvæðinu.

**Til leigu gæstihús** utan höfuðborgarsvæðisins, 17 herbergi og veitingarrekstur.

*Söluskráin sem hér birtist er ekki tæmandi. Upplýsingar um einstök fyrirtæki eru ekki veittar í síma nema að taktömrðuð leiti. Ef þið viljið frekari upplýsingar þá hafið þið samband við mig og við mælum okkur mót.*

**SÖLUSKRÁ HÚSSINS ER Á VEF WWW.HUSID.IS**

Salómon Jónsson • Löggiltur fasteignasali

Ávallt er gætt fyllsta trúnaðar í meðferð þeirra mála sem til okkar koma



2ja herb. falleg íbúð á svæði 107. Parket, suðursvalir og nýtt eldhús. Göngu-færi við HÍ og miðbae. Leiga 65.000 kr. Reyklaus / Fyrirframgr. Uppl. í s. 663 7575.

Tveggja herb. íbúð til leigu í vesturbænum. Laus strax. Uppl. í s. 847 9118.

2ja herb. íbúð til leigu á svæði 105. Uppl. í s. 847 3758 & 843 9052.

**Lax og Silungsveiði!**  
Fjölþætt úrval lax og silungsveiðileifa. Veiðiþjónustan Stregir. www.stregir.is ellidason@stregir.is S 567-5204 og 660-6890.



2 herbergi til leigu í Stórholti, 17 fm á 15þ. per herb. 1 herbergi til leigu í Stangarholti 22þ. Uppl. í s. 864 7414.

2ja herb. íbúð í 101 nálægst sundhöllinni til leigu. Bilastæði fylgir. S. 861 2415.

**Stórgerði**

Ein 2ja herbergja íbúð, 40 fm. á 50 þús. Trygging. Uppl. í s. 892 8701 eftir kl. 12.

**Húsnæði í boði**

Íbúð til leigu í Kópavogi, 2-3 herb. 65.000 kr á mánuð. Reyklaus. Uppl. í s. 696 6923.

Lagerhúsnæði óskast á jarðhæð, með stórum innkeyrsludryrum. Ca 250 til 400 fm. Er með verslunarlúsnæði í Garðabæ 120 fm. uppl. Milligjöf staðgr. S. 898 0868 eða 898 0885.

**Húsnæði óskast**

Vantar þig góðan og traustan leigjanda? Rúmlega þrjú einstæð kona óskar eftir 2-3 herb íbúð frá 1 mars eða síðar. Greiðslugeta um 50+ þúsund. Öruggar greiðslur. Vinsaml. hr í s. 663.3480.

**HLJÓDFÆRI****GÍTARINN EHF.**

www.gitarinn.is STÖRHÖFÐA 27 -SÍMI: 552 2125 gitarinn@gitarinn.is  
ÞJÓDLAGAGÍTAR FRÁ KR. 14.900,- KLASSÍSKUR GÍTAR FRÁ KR. 9.900,-  
TRONNUSETT: FRÁ KR. 54.900,- MEÐ ÖLLU  
RAFMAGNETI: KR. 31.900,- RAFMAGNETA, MAGNET, POKEI, KEINLUND, EITLIFLAGNA, GÍTARFLUGUR OG 2. VÖRUGERÐ.

Opið virka daga frá 10-18 og laugardaga 10-16.

**Sumarbústaðir**

Frábærar lóðir til sölu í Holtunum. Um er að ræða 3ja ha lóðir fyrir heilsárskú. Útsýni til allra átta. Uppl. í s. 899 5530

Staðgreiðsla. Félagssamtök óska eftir að kaupa 50 -100 fm hús til flutnings, nýtt eða notað. Staðgreiðsla fyrir rétt hús, afhending í síðasta lagi í maí. Tilboð sendist á rjupan@isl.is

**Atvinnuhúsnæði**

**Fjarðarbyggð/Eskifjörður**  
Bíreiðarverstaðið Hafnargötu 3, 735  
Eskifirði er til sölu. Uppl. í s. 476 1359.

Til leigu herbergi fyrir nudd, heilon eða skylda starfsemi. Upplýsingar í síma 690 6004. www.hugveisl.is

**Gisting**

Gistiheimili Halldoru Hvíðovre/Köben Ódýr og góð gisting www.gistiheimil-id.dk 0045-24609552

**ATVINNA****Atvinna í boði****Atvinna - kvöldsöluþáttur !**

Mán - fös kl. 17:00 - 22:00  
Góð laun + bónus og góð aðstaða.  
Getur hentað 18 ára - 70 ára +  
Nánari upplýsingar: [bm@bm.is](mailto:bm@bm.is)  
Sími 822 5052.

**Kentucky Fried Chicken.**

Okkur vantar duglegt og þjónustulípur starfsfólk í fóst störf í afgreiðslu.

Upplýsingar á Kentucky Selfossi.

Óska eftir ráða hársnyrti í fullt starf. Upplýsingar í síma 861 8050.

HS bólstrun ehf í Kópavogi óskar eftir að ráða röskan og duglegan starfskraft sem aðstoðarmann. Ahugasamir sendið upplýsingar um aldur og fyrri störf á e-mail [hs@bolstrun.is](mailto:hs@bolstrun.is) eða til HS bólstrun, Auðbrekku 1, 200 Kópavogur.

Mötuneyti. Óskum eftir að ráða starfsmann í mötuneyti KB banka við Hlemm. Um er að ræða undirbúning að hádegisverði, frágangur og þrif. Ekki er um matreiðslu að ræða. Vinnutími er frá 10 - 14. Upplýsingar gefur Jónas Hvannberg á starfsmannasviði KB banka í síma 444 6376.

Óska eftir skipstjóra á 20 t netabát frá Raufarhöfn. Uppl. í s. 849 1095.

Vantar starfskraft í dag og helgarvinnu. Pizza King. Uppl. í s. 551 7474 og 864 7318 e. kl. 18.

Óska eftir starfsmanni til ræstingar. Tímabundin vinna. Uppl. gefur Sigurður í s. 699 2626.

**Atvinna óskast**

Óska eftir vinnu við vélritun, er með 386 slög/mín. 24 ára kvk, uppl. á [sih@centrum.is](mailto:sih@centrum.is).

Kona á miðjum aldri óskar eftir vinnu, er dugleg og stundvís. Sími 848 2141.

33ja ára karlmaður með meirapróf óskar eftir vinnu strax. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 867 7176.

**TILKYNNINGAR****Einkamál**

einkamal.is

**Nýtt á einkamal.is**

**KONUR**

**Skonsa\_21**  
21árs kvk, Höfuðborgarsvæðið  
Hæhæ... ég er að leita eftir spjalli við hressa stráka...  
Ég er ekki að ley...

**KARLAR**

**legend1975s**  
29ára kk, Suðurland  
I am a humourous young looking handsome man from England !!! Am coming to I...

**Pamella Anderson og Tommy Lee.****Loksins á DVD.**

DVD og VHS á 1.990 kr.

[www.grenasvideo.is](http://www.grenasvideo.is)

**Grensásvegi 24. Póstkröfusími 568 6635. Opið kl. 14.00 - 23.30.**

**TILBOÐSDAGAR****10 TIL 40% AFSLÁTTUR**

KENZO

Yves Delorme®  
PARIS

PIERRE FREY

RÚMTEPPI

BADHANDKLÆÐI

BADSLÖPPAR

RÚMFATNAÐUR

FOUNDED 1849  
S&F

STEARNS & FOSTER

Frá Yves Delorme, einu virtasta tískuhúsi Frakklands: Rúmteppi, rúmfatnaður (lök, pífur, sængurverasett), baðhandklæði, baðmottur, baðsloppar (dömu/herra), borðdúkar, ilmsápur,-krem,-kerti o.m.fl.

Rúmin frá Stearns & Foster eru hönnuð fyrir fólk sem vill aðeins það besta. Þau veita réttan stuðning og tryggja vellíðan á hverri nóttu með sérhönnuðu gormakerfi, bólsturslögum og einstökum frágangi.



Langholtiavegi 111 • 104 Reykjavík • Sími 568 7900

Opið um helgina: Laugardag kl. 11 - 16 og sunnudag kl. 13 - 16.

**Nú er það svart**

Fréttablaðið vill beina þeim tilmælum til lesenda að auðvelda blaðberum okkar að bera út blaðið.

**Vinsamlegast mokið frá útidyrhurðum og hafið kveikt á útiljósum.**

FRÉTTABLAÐIÐ







## VÍSINDAVEFUR – HÁSKÓLA ÍSLANDS



# Nanókafbátar bíómyndanna

Eru til nanólegur, væri hægt að smíða þær og hvernig væri viðnámið í þeim?

Það er ekki einfalt mál að svara þessum spurningum. Í stuttu máli eru margir vísindamenn að leita ýmissa tæknilegra lausna á smáum lengdarskala, oft með góðum árangri, en stundum hafa þeir gleymt að taka með í reikninginn mikilvæg eðlisfræðileg fyrirbæri sem koma í veg fyrir að viðkomandi lausn virki. Þetta er ekki svo ólíkt þróunarferlum á stærri skala: Billinn, flugvélin og vatnsaflsvirkjunin urðu ekki til á einum degi. Fólk lærir þó vonandi af eigin mistökum og bætir næstu kynslóð hönnunar. Menn hafa átt að sig misvel á því að það er margt sem ekki er unnt að yfirfæra beint í smærri útgáfu.

### Hvað eru legur?

Fyrst er ef til vill best að líta á spurninguna: Hvað eru legur? Segja má að legur sé „uppfirring manna til að minnka viðnám milli flata við ákveðnar aðstæður“. Það er vissulega rétt að í náttúrunni eru fyrirbæri sem minnka viðnám en við köllum slík fyrirbæri yfirleitt ekki legur. Afreksfólk í sundi klæðist um þessar mundir fatnaði til að minnka viðnám milli líkamans og vatnsins eins og frekast er unnt. Þessi sundfatnaður er hannaður eftir hákarlaskrápi! Hugtakið legur er yfirleitt notað um verkfræðilegar lausnir manna til að draga úr viðnámi. Í legum eru oft notaðar kúlur, sívalningar (rúllulegur), eða vökvu til að skilja að fleti og draga úr náuningsviðnáminu.

### Hvað er nanó?

Hvað er það að eitthvað sé „nanó“? Nanó er ekkert annað en smækkunarforskeyti ættað úr grísku, en nanos merkir dvergur.

Í raunvísindum er það notað til þess að tákna 10-9 hluta einhvers (0,000000001 hluti). Þannig er tala um nanósekúndur, 1 ns = 10-9 s og nanómetra, 1 nm = 10-9 m. Þegar talað eru um nanótækni er yfirleitt átt við manngerða hluti þar sem einhver mikilvægur hluti umrædds tæknilegs fyrirbæris hefur að minnsta kosti tvo af eftirfarandi þremur eiginleikum: lengd, breidd eða hæð á stærðarbilinu 1-100 nm. Sem dæmi má nefna nanólítográfíu (e. nanolithography) sem gengur út á að skrifa mynstur á slétt yfirborð á fyrrgreindu stærðarbili.

### Á nanóskala eru rafkraftar sterkari en þyngdarkraftar

Hugum aðeins að „umhverfinu“ á nanóskala. Bil milli frumeinda í kristalli er yfirleitt 0,3 til 0,5 nm, eftir efni. Mældur hrjúfleiði „slétt“ yfirborðs er sjaldan minni en 0,5 nm að meðaltali yfir stór svæði. Þessi mæling er oft gerð með AFM-tækni (e. Atomic Force Microscopy) þar sem oddi sem endar með einni frumeind er rennt eftir yfirborðinu og kraftinum milli odds og yfirborðs er haldið föstum. Krafturinn sem um ræðir er fyrst og fremst rafkrafturinn milli oddsins og yfirborðs frumeindanna. Það ber að hafa í huga að á þessum stærðarskala eru rafkraftar orðnir hlutfallslega miklu sterkari en þyngdarkraftar, sem gerir umhverfið talsvert ólíkt því sem við eigum að venjast. Viðlöðun eða fráhrinding vegna rafkrafta er það sem mestu máli skiptir ef ferðast á um á þessum skala.


### Nanóumhverfi

Ímyndum okkur að við séum 1

nm á hæð og séum að reyna að ferðast eftir fullkomlega sléttu (engin þrep í frumeindabyggingunni) yfirborði kristals. Þá má telja líklegt að við þurfum að mjaka okkur á milli „dælda“ sem eru aðskildar af „hraukum“ sem ná okkur upp í mitti. Á milli dælda eru 0,3 til 0,5 nm. Það sem skilgreinir dældirnar og hraukana er rafhleðsludreifing yfirborðs efnisins. Þetta kann að hljóma svolítið sérkennilegt, en vonandi er orðið ljóst að þetta umhverfi er talsvert frábrugðið því sem við eigum að venjast. Að reyna að heimfæra til dæmis aðfarir þræla Egypta forðum, það er að stilla viðardrumbum undir pall og hifa svo í kaðal þar til pallurinn með hlassinu ofaná rúllar af stað, yfir í þennan smásæja heim er ekki álitlegur kostur. Hefðbundnar kúlulegur eru heldur ekki líklegar til þess að gefa góða raun.

### Nanókafbátar bíómyndanna verða aldrei til

Það er alls ekki sjálfsgagt mál að ferðast um jafnvel þótt við gætum smækkað okkur sjálf og/eða einhverja hreyfanlega eða fjarstýranlega hluti. Á smáum skala er seigja vökva hlutfallslega miklu meiri en við upplifum, og yfirborðsspennu fylgja geysisterkir kraftar. Sýnt hefur verið fram á að það er útilokað að komast lönd né strönd í smækkaðri útgáfu kafbáts (kannast einhver við bíómyndir í þessa veru?) jafnvel þótt hægt væri að smíða hann og knýja með hlutfallslega firna-



**NANÓVÉL** Nanóvéll sem getur „synt“. Hægt er sjá hana hreyfast á fyrri vefslóðinni sem gefin er upp með svarinu.

sterkum vélum. Skrúfa sem snýst aftan í kafbáti er dæmi um tækni sem ekki er hægt að yfirfæra í smásæjan heim, enda nota til dæmis frumur allt aðrar aðferðir til að komast um. Því fer hins vegar víðs fjarri að menn hafi lagt árátt á bát enda er náttúran búin að leysa ýmis vandamál sem mennirnir eiga eftir að læra og færa yfir í tækninýjungar.

### Ýmislegt í farvatninu í nanóferðum

Spurningunni um nanólegur er enn ósvarað, bæði af hálfu undirritaðs og, sem meira máli skiptir, af þeim vísindamönnum sem eru að glíma við ofangreind verkefni.

Ýmsar hugmyndir eru hins vegar uppi um leiðir til að ferðast áfram og snúa hlutum á þessum skala, sjá til dæmis <http://focus.aps.org/story/v13/st27> og vefsíðu eftir Markus Porto við Tækniháskólann í Darmstadt <http://www.fkp.tu-darmstadt.de/porto/engine/>. Sumar virðast ef til vill vænlegri en aðrar, en oft er erfitt að spá um afdrif þeirra fyrirfram og það má næstum ganga að því sem vísu að einhverjar þeirra eiga eftir að koma manni á óvart.

*Snorri Ingvarsson, sérfræðingur á Eðlisfræðistofnu Raunvísindastofnunar Háskólans.*

Vísindavefur Háskóla Íslands er orðinn fimm ára. Á síðasta ári voru gestir tæplega 500.000 og flettu síðum vefsins rúmlega tveimur og hálfri milljón sinnum. Til samanburðar má nefna að árið 2002 flettu um 150.000 notendur einni og hálfri milljón síðna. 78% notenda vefsins á síðasta ári komu frá tölvum á Íslandi, um 5% kom frá Bandaríkjunum og síðan fylgja á eftir: Danmörk, Spánn, Þýskaland, Bretland, Holland, Kanada, Frakkland og Svíþjóð, með um 1% notenda. Á fimm ára afmælinu ætla Vísindavefurinn að færa út kvíarnar og hefja birtingu á svörum á ensku um íslensk efni. Slóð vefsins er [www.visindavefur.hi.is](http://www.visindavefur.hi.is).

## Saga af... hrotum

Það hafa margir leitað sér aðstoðar á sjúkrahúsinu Vogu, margir hafa öðlast bata, aðrir ekki. Eðlilega hefur gengið á ýmsu og margt hent. Sumu verður aldrei sagt frá, annað er meinlaust og jafnvel broslagt. Þessi saga er um þannig atvik.

Ungur maður reyndi árangurslaust að festa svefn fyrstu nóttina sína á Vogu. Það var ekki aðeins að hugsanir rændu hann svefni. Þeir þrír sem deildu með honum herbergi voru allir sofnaðir og ungi maðurinn hafði aldrei, aldrei, heyrt aðrar eins hrotur. Ekki var hægt að greina hvort einn þremur hrotanna hryti meira en hinir. Segja má að ekkert hlé hafi komið á hrotutríóið. Ungi maðurinn reyndi allt, setti koddann yfir

höfuðið, skreið undir sængina, hélt fyrir eyrun og gerði nánast allt til að losna við hrotturnar. Að lokum gafst hann upp, steig fram úr rúminu og gekk fram á gang. Þar sá næturvörðurinn hann og spurði hvort eitthvað væri að. Hann sagði frá hrotunum ógurlegu.

Viltu ekki eyrnatappa, bauð næturvörðurinn og rétti unga manninum tvo tappa sem hann glaður tók við og gekk til herbergis.

Nokkru seinna gafst hann upp á ný og fór fram. Næturvörðurinn spurði hvort hann gæti ekki enn sofnað. Ekki möguleiki, sagði ungi maðurinn.

Eyrnatapparnir, virkuðu þeir ekki, spurði næturvörðurinn.

Nei, samt gleypiti ég báða.



**NÝJAR ÍSLENSKAR  
ÞJÓÐSÖGUR  
með Sigurjóni**

SIGURJÓN M. EGILSSON [sigurjon@frettabladid.is](mailto:sigurjon@frettabladid.is)

**Opið** í dag frá kl. 13-16

Full búð af nýjum vörum!

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík  
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Tilboðin eru á [bonus.is](http://bonus.is)

# Smiðjuvegur

Í Bónus á Smiðjuveginum er nú opið alla sunnudaga eins og í stærri Bónusverslunum. Notaleg verslun fyrir þá sem vilja rólegri og náðugri innkaup.

## Þægileg og heimilisleg

# Bónusverslun

Opið á sunnudögum  
**12.00-18.00**

Bónus á Smiðjuvegi hefur verið færð í nýjan og betri búning

## Verðlauna krossgátan

Leystu krossgátuna!  
Þú gætir unnið MD80273  
512MB USB minnislykill  
og MP3 spilara!

Taktu þátt ;)

14.999

**IBT**



Þú sendir inn lausnarorðið með SMS!  
Þú sendir SMS skeytið  
**JA LAUSN "Lausnarorðið"** á númerið **1900!**

1   2   3   4   5

## Verðlauna myndgátan

Leystu myndgátuna!  
Þú gætir unnið geisladiskinn  
**Scissor Sisters**



Þú sendir inn lausnarorðið með SMS!  
Þú sendir SMS skeytið  
**JA MYND "Lausnarorðið"** á númerið **1900!**

..... búinir að færa sig yfir á Stöð 2 og halda áfram að grínast þar

Ný ævintýra spennu-mynd með hinni sjóð-heitu Jennifer Garner

Meet the ..... ein vinsælasta grínmyndin núna

Tónlistar-maðurinn ..... kom sá og sigraði á Íslensku tónlistar-verðlaun-um

Að hann ..... eld að sinni köku

The sea ..... tilnefnd til 2 Óskarsverð-launa þ.a.m. sem besta erlenda myndin

Hvernig sendi ég inn lausnarorðin?  
Dæmi hvernig SMS gæti lítið út ef svar er Jón.  
Þá sendir þú SMS-ið **JA MYND JON.**

JA MYND JON  
SEND



SJ OG BRÁGI	LAND	POTAD	55	TÓRI	ÁVÖXTUR
SMÁ-STRÁK					
VIÐ-BURÐUR			1		
ÁTT			FLÍK-T		
VEITIR TIGN					
1000		SÉR-HLJÓÐAR		HERD-ANDI FORSK.	
ELDHÚS-ÁHALD					HRÓP
	DANI	FISKA-FÆÐAN	50	KJÁNA-LEG	DRAMB-SAMUR
					LEIÐI
					NÖGL HIRSLA
SAGA					
VEIÐI-TÆKI			HAFI MÁL-GALLA		
FYLGJA			KYRRÐ-AR		
STÖK			RYK-KORN	2	ASK
EFTIR M		FÖLNA SÁRU			
UNDAN U		FRÆGUR BRÓÐIR		Í RÖÐ	NÚNA
BENSÍN		TVÍHLJ.			KONU-NAFN
		SKÓLI		EFTIR S	
		Í RÖÐ		KARLM.-NAFN	
		GIFTU			STYRJ-ÖLD SKÓLI
LAND			HUND		Í RÖÐ
LÍTA			VEITINGA-STAÐUR		FJÖLDA
EFTIR F		ENDIR NIRFÍLS-HÁTTURINN		TÓM	SVAR
					LÆRDI
AUÐUG			SKAP-ÍLLUR	DIMM-VIÐRI	STÓR-FLJÓT
BÍÐJA				VÍNSOPI	HVÍLDI
GER-SEMI				FÖLNA	GIKT
		LÍTA		JOÐ	FÉLAG
		PUMPA			VÍNSOPI
VINNU-VÉL				UGGUR	
FURÐA				HESTINN	
UNDAN S		KIND		FLJÓT	LIM
		ÁR-MYNNI		KYEN-DÝRIÐ	VERSLUN
RÚM	BYLI		Á FÆTI		
			5	RÁFA	
				HÖFUÐ-ÁTTIR	STAFUR
FRAMLEITT Á .....					ÁTT
	HIRSLA				ÍLÁT
AD UTAN				BÍL-TEGUND	
				ÖÐUR	
ÓNEFN-DUR			SÉR-HLJÓÐAR		SMÁ-ORÐ
HEIMS-ÁLFA					SÉR-HLJÓÐAR

# Út RÝMINGAR Sala

í fullum gangi!

Við skjótum verðin niður!



Fartölva og flatskjár með!



Notaðu tvo skjái í einu!



15" FLATURSKJÁR

MEDION® C7 DVD TV OUT

MEDION C7 Centrino 735 TV MD95122

- Intel® Pentium® M 1.7 GHz (735) - DOTHAN
- ATI® MOBILITY™ RADEON™ 9650 64MB DDR
- 512 MB minni • 80 GB Harður diskur
- DVD skrifari • USB og Firewire tengi
- Wi-Fi® þráðlaust net
- Sjónvarpskort og fjarstýring
- Fartölvutaska og mús fylgir

38.000 KR LÆKKUN

19.999

4.982\*

197.999

ALLUR PAKKINN

4.982\* Tölvukaupalán 48 mán.

14.999\*\* Vaxtalaust 12 mán.

179.988 Staðgreitt

\*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni V.I.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.

\*\*Míðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldbréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

## Enn meiri verðlækkun

AÐEINS 150 stk.

DVD spilari

Mustek



- 800-495  
Mustek DVD spilari
- Fjölkerfa
  - KODAK CD/DVD-R/DVD+R/DVD-RW/DVD+RW
  - Dolby Digital DTS
  - Allar aðgerðir á skjá
  - Scarttengi S-VHS RGB
  - Fjarstýring

RUGL VERÐ

5.999

38" Sjónvarp

PHOTON

Myndlami  
38" Dark Color myndlami (RCA).

Hljóðkerfi  
3D Hljóðkerfi 20W +25W RMS með

Tengimöguleikar  
AV tengi að framan og Scarttengi/S-VHS/Component tengi á bakhlið.

Fjölkerfa  
Allar aðgerðir á skjá ásamt textavarp.

OFUR VERÐ

69.999

99.999  
119.999

70 mínútur spilið

66% afsláttur

1.999

4.999

FYLGIR

BT

799

RUGL VERÐ

Rafmagnstannbursti

BRAUN D-9013 • OralB Rafmagnstannbursti

Síðustu dagar útrýmingar-sölnunnar!



BT með fyrirvara um prentvillur og myndbreytingu

## Af gefnu tilefni...

... vill íþróttadeild Fréttablaðsins leiðrétta skrif sem birtust í blaðinu í gær um að Haukar hefðu að mestu spilað 6-0 vörn undir stjórn Viggós Sigurðssonar, þjálfara íslenska landsliðsins í handbolta. Viggó hafði samband við blaðið í gær og ítrekaði að Haukar hefðu að mestu spilað 3-3 vörn undir hans stjórn þó svo að stóku sinnum hefði verið gripið til fyrnefnda varnarbrigðisins.



## Við útnefnum...

... Dag Sigurðsson, fyrirlíða íslenska landsliðsins í handbolta, boðbera íslenskrar karlmennsku. Í gær kom í ljós að líkami Dags framleiðir meira af hormóninu testosterón en eðlilegt og leyflegt er. Þar með býr Dagur, sem ávallt hefur verið talinn hinn mesti þökkpiltur, yfir þeim lúxus að mega falla á lyfjaprófi. Þvílík forréttindi!

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

3 4 5 6 7 8 9

### Sunnudagur

#### LEIKIR

- 19.15 Fjölnir og Hamar/Selfoss mætast í Grafarvogi í InterSport-deildinni í körfuknattleik.
- 19.15 Haukar og Keflavík mætast á Ásvöllum í InterSport-deildinni í körfuknattleik.
- 19.15 Njarðvík og Skallagrímur mætast í Njarðvík í InterSport-deildinni í körfuknattleik.

#### SJÓNVARP

- 11.15 Real Madrid – Espanyol á Sýn.
- 12.55 European PGA Tour 2005 á Sýn. Evrópska mótaröðin í golfi.
- 13.50 HM í handbolta á RÚV. Bein útsending frá leiknum um 3. sætið á HM í Túnis.
- 13.50 Parma – Inter á Sýn.
- 13.55 Southampton – Everton á Skjá einum.
- 15.50 NFL á Sýn.
- 16.00 Chelsea – Manchester City á Skjá einum.
- 16.20 HM í handbolta á RÚV. Bein útsending frá úrslitaleiknum á HM í Túnis.
- 19.15 Íslandsmótið í bekkpressu á Sýn.
- 19.50 Barcelona – Atletico Madrid á Sýn.
- 21.50 NFL-tilþríf á Sýn.
- 21.55 Helgarsportíð á RÚV.
- 22.10 Ameríski fótboltinn á Sýn.
- 23.00 Ameríski fótboltinn á Sýn. Bein útsending frá Ofurskálinni 2005 þar sem New England Patriots og Philadelphia Eagles eiga við.

Dagur Sigurðsson:

## Féll löglega

**HANDBOLTI** Dagur Sigurðsson, fyrirlíði íslenska landsliðsins í handknattleik, féll á lyfjaprófi fyrir Ólympíuleikana í Aþenu á síðasta ári. Það kom reyndar í ljós við nánari athugun að líkami Dags framleiðir af mikið magn af karlhormónum af náttúrulegum ástæðum. Með því þótti sannað að Dagur hefði ekki neytt neinna ólöglegra lyfja og var hann því sýknaður. ■

Formúla 1:

## Dekkin eyðast hratt

**FORMÚLA** Jarno Trulli, ökumaður Toyota-liðsins í Formúlu 1 kappakstrinum, víðurkennið í gær að liðið ætti í vandræðum með nýja bílinn sem Toyota ætlað að notast við á komandi tímabili. Trulli sagði að bíllinn færi illa með hjólabarðana, sem er mikið áhyggjuefni fyrir Toyota. „Við höfum þrjár vikur til stefnu og við vonumst til að leysa þetta mál.“ Reglum varðandi hjólabarða var breytt fyrir tímabilið í ár og nú mega lið eingöngu nota eina umferð af dekkjum í tímatöku og í kappakstri. ■

# Ekki eðlileg vinnubrögð

Sigurður Helgason, formaður KR-Sports, segir Grétar Sigfinnur Sigurðsson hafa stungið KR í bakið með því að skrifa undir samning við Val. Grétar segir ákvörðunina þá erfiðustu sem hann hafi nokkurn tíma tekið á lífsleiðinni.

**FÓTBOLTI** „Við náum samkomulagi við Víking um að fá að ræða við leikmanninn og að því loknu finnst mér eðlilegt að við fáum okkar tíma til að ræða við hann. Ég vissi af áhuga Keflavíkur og með þær upplýsingar til hliðsjónar fóru af stað samningaviðræður við leikmanninn. Síðan veit ég ekki fyrr en hann er allt í einu búinn að ná munnlegu samkomulagi við Val. Ég bara skil þetta ekki,“ segir Sigurður Helgason, framkvæmdastjóri KR-Sports, en hann er allt annað en sáttur við framkomu varnarmannsins Grétars Sigfinns Sigurðssonar í garð síns gamla félags, KR.

Grétar skrifaði í fyrradag undir lánsamning við Val sem gildir út tímabilið og segir Sigurður að með því hafi Grétar farið á bak við sitt gamla félag. „Mér finnst hann hafa komið mjög illa fram við okkur,“ segir Sigurður. Hann líkir vinnubrögðunum í þessu máli við uppboð þar sem hæstbjóðandi hreppi gullið.

„Það er ekki eðlilegt að leikmaður sé að ræða við þrjú lið á sama tíma eins og raunin er augljóslega í þessu tilviki. Grétar heldur því fram við okkur að hann sé mikill KR-ingur en síðan segir hann annars staðar að í honum slái mikið Víkingshjarta. Engu að síður er hann genginn til liðs við Val. Hvernig er hægt að halda þessu fram?“ spyr Sigurður furðu lostinn.

#### Stórar upphæðir

Róbert Birgir Agnarsson, formaður Víkings, segir að þrjú lið hafi sýnt áhuga á leikmanninum og að þau hafi öll fengið tækifæri til að ræða við hann. „Valur, KR og Keflavík höfðu áhuga og á mánudaginn gáfum við þessum

liðum leyfi til að ræða við Grétar. Það er síðan hans að ákveða hvert hann langar mest að fara. Það er ekki okkar mál ef KR og Grétar ná ekki saman,“ segir Röbert.

Fréttablaðið hefur áreiðanlegar heimildir fyrir því að Víkingar fái um eina milljón króna fyrir að lána Grétar til Vals í átta mánuði. Blaðið hefur einnig heimildir fyrir því að heildarkostnaðurinn á bak við félagsskiptin nemi hátt í þrjár milljónir svo að ljóst er að um mjög stórar fjárhæðir er að ræða miðað við íslenskan lánsamning. Grétar skýrði sína hlið málsins í samtali við Fréttablaðið í gær.

#### KR-hjartað slær enn

„Mínar viðræður við KR gengu einfaldlega ekki upp og það finnst mér mjög leiðinlegt, sérstaklega gagnvart Magnúsi Gylfasyni þjálfara sem ég hef verið í miklu sambandi við og hef mikið álit á. En ég er ennþá mikill KR-ingur og ég hef mikinn áhuga á að spila með liðinu í framtíðinni“ sagði Grétar við Fréttablaðið. Hann vildi lítið tjá sig um fjárhagslegar hliðar samkomulagsins nema að peningar hefðu alls ekki vegið þyngst í ákvörðun hans um að ganga til liðs við Val. Í lánsamningi eins og þessum er venjan sú að hið nýja félag taki yfir gildandi samning leikmannsins með tilheyrandi fjárhagskostnaði og greiðslum. Grétar segir að sú hafi verið raunin í þessu tilviki.

„Það eina sem ég fór fram á var að lánsamningurinn væri í samræmi við þann samning sem ég er með hjá Víkingi. Það var meiri áhugi hjá Val og það var ekki fyrr en ég tilkynnti KR-ingum að ég væri á leið til Vals sem þeir fóru að þrýsta verulega á mig um að koma til sín. En á endanum snerist þetta um að ég hefði þegar gefið Völsurum loforð og ég vildi ekki ganga á bak orða minna. Mér þykir það mjög leiðinlegt gagnvart KR því það slær ennþá stórt KR-hjarta í mér. Þetta var erfiðasta ákvörðun lífs míns.“

vignir@frettabladid.is



GRÉTAR SIGFINNUR SIGURÐSSON „Það eina sem ég fór fram á var að lánsamningurinn væri í samræmi við þann samning sem ég er með hjá Víkingi,“ segir Grétar. Hér sést hann kljást við Andra Fannar Ottóson hjá Fram í leik liðanna í Landsbankadeildinni í sumar.

Fjöldi leikja á dagskrá ensku úrvalsdeildarinnar í gær:

## Ekkert stöðvar Man. Utd.

**FÓTBOLTI** Sigurganga Manchester United í ensku úrvalsdeildinni hélt áfram í gær þegar liðið vann öruggan sigur á Birmingham. Hvorugu liðinu tókst að skora í fyrri hálfleik en Roy Keane, fyrirlíði United, skoraði fyrsta mark leiksins snemma í seinni hálfleik eftir sendingu frá Cristiano Ronaldo. Gestirnir reyndu hvað þeir gátu til að jafna metin en Wayne Rooney gerði þær vonir að engu með öðru marki United á 78. mínútu og varð Birmingham að játa sig sigrað.


Arsenal reif sig aftur upp eftir tapið gegn Man. Utd. í vikunni og vann afar sannfærandi sigur á Aston Villa. Úrslitin voru nánast ráðin á 28. mínútu þegar Arsenal var komið með þriggja marka forystu. Aston Villa náði reyndar

að minnka muninn í síðari hálfleik en nær komust leikmenn Villa ekki og lokatölur því 1-3.

Fulham sótti ekki gull í greipar Liverpool á Anfield í leik þar sem fyrsta mark Fernando Morientes á heimavelli Liverpool leit dagsins ljós. Markið kom strax á 9. mínútu við mikinn fögnuð viðstaddra. Fögnuðurinn entist þó skammt því Andy Cole jafnaði leikinn sjö mínútum síðar. Fulham réð ekkert við heimamenn í seinni hálfleik og með mörkum frá Sami Hyypiä og Milan Baros var sigurinn aldrei í hættu. „Við þurfum á góðum skorara að halda og erum nú komnir með hann. Biðin var löng eftir honum en var svo sannarlega þess virði,“ sagði Rafael Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, eftir leikinn.



ÍSINN BROTTINN Leikmenn Man. Utd. fagna fyrirlíða sínum Roy Keane eftir að hann hafði skorað fyrra mark liðsins í leiknum gegn Birmingham í gær.



LEIKIR GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin

ASTON VILLA-ARSENAL	1-3
0-1 Freddie Ljungberg (10.), 0-2 Thierry Henry (14.), 0-3 Ashley Cole (28.), 1-3 Juan Pablo Angel (74.).	
CRYSTAL PALACE-BOLTON	0-1
0-1 Kevin Nolan (31.).	
LIVERPOOL-FULHAM	3-1
1-0 Fernando Morientes (9.), 1-1 Andy Cole (16.), 2-1 Sami Hyypia (64.), 3-1 Milan Baros (77.).	
MAN. UTD.-BIRMINGHAM	2-0
1-0 Roy Keane (55.), 2-0 Rooney (78.).	
MIDDLESBROUGH-BLACKBURN	1-0
1-0 Frank Quedrue (35.).	
NEWCASTLE-CHARLTON	1-1
1-0 Kieron Dyer (52.), 1-1 Dennis Rommedahl (53.).	
NORWICH-WBA	3-2
0-1 Robert Earnshaw (41.), 1-1 Craig Fleming (45.), 1-2 Kieran Richardson (49.), 2-2 Gary Doherty (62.), 3-2 Damien Francis (85.).	
TOTTENHAM-PORTSMOUTH	3-1
0-1 Diomansy Kamara (28.), 1-1 Hossam Mido (34.), 2-1 Hossam Mido (57.), 3-1 Robbie Keane (83.).	

STADAN

CHELSEA	25	20	4	1	49-8	64
MAN. UTD.	26	16	8	2	43-16	56
ARSENAL	26	16	6	4	58-30	54
EVERTON	25	14	5	6	29-25	47
LIVERPOOL	26	13	4	9	41-27	43
MIDDLESB.	26	11	7	8	41-35	40
BOLTON	26	11	6	9	35-32	39
CHARLTON	26	11	5	10	30-36	38
TOTTENH.	26	10	6	10	33-30	36
MAN. CITY	25	8	8	9	31-27	32
A. VILLA	26	8	8	10	29-33	32
NEWCASTLE	26	7	10	9	37-43	31
PORTSM.	26	8	6	12	29-38	30
BIRMINGH.	26	7	8	11	29-33	33
FULHAM	26	8	5	13	33-44	29
BLACKB.	26	5	10	11	21-36	25
C. PALACE	26	5	7	14	29-40	22
NORWICH	26	3	11	12	26-48	20
SOUTH.	25	3	9	13	26-41	18
WBA	26	2	11	13	23-49	17

Enska 1. deildin

BURNLEY-LEEDS	0-1
Gylfi Einarsson var í byrjunarliði Leeds og skoraði sigurmark leiksins á 66. mínútu leiksins.	
READING-PLYMOUTH	0-0
Ívar Ingimarsson lék allan leikinn í vörn Reading að venju og Bjarni Guðjónsson lék allan leikinn fyrir Plymouth.	
WATFORD-GILLINGHAM	2-0
Heiðar Helguson lék allan leikinn í sóknarlínu Watford en Brynjar Björn Guðjónsson lék ekki vegna meiðsla.	
WIGAN-STOKE	0-1
Tryggvi Guðmundsson og Þórður Guðjónsson sátu á varamannabekk Stoke allan leikinn.	
LEICESTER-CREWE	1-1
Jóhannes Karl Guðjónsson lék allan leikinn á miðju Leicester.	
MILLWALL-QPR	0-0
PRESTON-COVENTRY	3-2
BRIGHTON-DERBY	2-3
ROTHERDAM-NOTT. FOREST	0-0
SHEFF. UTD.-IPSWICH	0-2

Þýska Bundesliga

BAYERN-B.LEVERKUSEN	2-0
1-0 Roy Makaay, víti (45.), 2-0 Jose Guerrero (68.).	
NÜRNBERG-HAMBURG	1-3
0-1 Naohiro Takahara (30.), 0-2 Naohiro Takahara (53.), 1-2 Robert Vittek (82.), 1-3 Benjamin Lauth (90.).	
MAINZ-H.BERLIN	0-3
0-1 Yldiray Basturk (27.), 0-2 Andreas Neuendorf (68.), 0-3 Yldiray Basturk (73.).	
HANNOVER-DORTMUND	1-3
0-1 Jan Koller (6.), 0-2 Lars Ricken (30.), 0-3 Lars Ricken (50.), 1-3 Nebojsa Krupnekovic, víti (73.).	
H.ROSTOCK-SCHALKE	2-2
0-1 Ebbe Sand (25.), 0-2 Rade Prica (65.), 1-2 Magnus Arvidsson (73.), 2-2 Ailton (90.).	
STUTTGART-KAISERSLAUTERN	1-1
1-0 Kevin Kuranyi (14.), 1-1 Marco Engelhardt (60.).	
BOCHUM-BIELEFELD	1-1
1-0 Peter Madsen, víti (19.), 1-1 Delron Buckley (29.).	

STADA EFSTU LIDA

BAYERN	20	12	5	3	38-20	41
SCHALKE	20	12	2	6	30-26	38
STUTTGART	20	10	5	5	38-26	35
HERTHA	20	8	9	3	33-17	33
B.LEVERK.	20	9	5	6	35-27	32
W.BREMEN	19	9	4	6	35-27	31
HAMBURG	20	10	1	9	35-30	31
HANNOVER	20	9	4	7	26-22	31

Úrslitaleikur NFL-deildarinnar fer fram í kvöld:

Stærsti viðburður ársins

**AMÉRÍSKUR FÓTBOLTI** Í kvöld fer fram úrslitaleikurinn í amerísku NFL-deildinni þar sem keppt verður um ofurskálina svokölluðu, eða Super Bowl. Um er að ræða stærsta íþróttaviðburð ársins og fær úrslitaleikurinn í NFL alla jafna gríðarlegt áhorf úti um allan heim. Það eru lið New England Patriots og Philadelphia

Eagles sem leiða saman hesta sína að þessu sinni. Langflestir búast við sigri Patriots, sem hafa á gríðarlega öfluglu liði á að skipa og eru auk þess núverandi NFL-meistarar. Með sigri í kvöld mun New England tryggja sér sinn þriðja meistaratitil á síðustu fjórum árum en Eagles hefur ekki unnið Super Bowl frá árinu 1960. ■




TOM BRADY leikstjórnandi Patriots sló á léttu strengi á æfingu í gær.

Arsene Wenger:

Ekki taka stig

**FÓTBOLTI** Arsene Wenger vill ekki að Chelsea tapi stigum út af ágreiningi liðanna varðandi Ashley Cole. Samkvæmt breskum dagblöðum á Cole að hafa átt leynilegan fund með Jose Mourinho, knattspyrnustjóra Chelsea, á hóteli í London. Wenger var lítið hrifinn af upptæki leikmannsins en sagði að það mætti ekki koma niður á stöðu liðanna í deildinni. ■





**SPÁNVERJAR FAGNA**  
Leikmenn Spánar fögnuðu innilega eftir sigurinn á Túnis í gær.

Línur að skýrast á HM í handbolta:

## Spánn og Króatía í úrslit

**HANDBOLTI** Það verða Spánn og Króatía sem leika til úrslita á HM í handbolta í dag en liðin unnu sína undanúrslitaleiki sem fram fóru í gær. Heimamenn í Túnis veittu Spánverjum harða keppni í fyrri leiknum í gær en urðu að lokum að sætta sig við að lúta í lægra haldi. Munurinn á liðunum í gær var David Barrufet, mark-

vörður Spánverja. Hann átti sannkallaðan stórleik og varði 20 skot, mörg hver úr dauðafærum, á meðan markverðir Túnis vörðu ekki nema 10 skot samtals. Króatar sýndu mátt sinn og megin í síðari leiknum gegn Frökkum og unnu öruggan sigur eftir að jafnt hafði verið með liðunum í fyrri hálfleik. ■

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### HM í handbolta í Túnis

#### UNDANÚRSLIT

**TÚNIS-SPÁNN** 30-33  
**Mörk Túnis:** Wissem Hmam 9, Wissem Bousnina 7, Issam Tej 4, Dhaker Seboui 4, Heykel Megannem 3, Makrem Jarou 1, Ben Aziza 1, Haj Ahmed 1.  
**Mörk Spánar:** Iker Romero 8, Mateo Gerralda 6, Juan Garcia 6, Alberto Entrerrios 4, Rolando Urios 4, Mariano Ortega 2, Jose Rodríguez 2, Ruban Garabaya 1.

#### FRAKKLAND-KRÓATÍA 32-33

**Mörk Frakklands:** Michael Guigou 7, Cedric Burdet 5, Gregory Anquetil 5, Daniel Narcisse 4, Nikola Karabatic 4, Gueric Kervadec 2, Jerome Fernandez 2, Jackson Richardson 1, Christophe Kempe 1, Joel Abati 1.  
**Mörk Króatíu:** Ivano Balic 8, Mirza Dzomba 8, Peter Metlicic 6, Igor Vori 5, Kiksa Kaleb 4, Blazenko Lackovic 3, Goran Sprem 1.

### 1. deild kvenna í handbolta

#### GRÓTTA/KR-ÍBV 24-23

**Mörk Gróttu/KR:** Arna Gunnarsdóttir 9, Eva Margrét Kristinsdóttir 5, Anna Úrsula Guðmundsdóttir 3, Kristín Þórðardóttir 2, Inga Dis Sigurðardóttir 2, Ragna Karen Sigurðardóttir 2, Gerður Rún Einarsdóttir 1.  
**Mörk ÍBV:** Zsófia Pasztor 6, Anastasia Patsion 6, Tatjana Zukovska 5, Darinka Stefanovic 4, Alla Gokorian 3, Guðbjörg Guðmarsdóttir 2, Eva Björk Hlökkversdóttir 1.

#### FRAM-VÍKINGUR 24-23

**Mörk Fram:** Sigurbjörg Jóhannesdóttir 7, Ásta Birna Gunnarsdóttir 4, Þórey Hannesdóttir 4, Guðrún Þóra Hálfðánsdóttir 3, Eva Hrund Harðardóttir 2.  
**Mörk Víkings:** Natasha Damilijanovic 7, Ásta Agnarsdóttir 5, Helga Birna Brynjólfssdóttir 5, Sigrún Brynjólfssdóttir 4, Andrea Olsen 1, Eygló Jónsdóttir 1.

#### HAUKAR-VALUR 27-18

**Mörk Hauka:** Ramune Pekarskyte 7, Hanna Stefánsdóttir 6, Ragnhildur Guðmundsdóttir 6, Erna Þráinsdóttir 2, Ingibjörg Karlsdóttir 3, Björk Tómasdóttir 2, Tínnu Barkardóttir 1.  
**Mörk Vals:** Diana Guðjónsdóttir 4, Ágústa Edda Björnsdóttir 4, Katrín Andrésdóttir 3, Lilja Valdimarsdóttir 1, Soffía Rut Gísladóttir 1, Hafrún Kristjánsdóttir 1, Sigurbirna Guðjónsdóttir 1, Lilja Hauksdóttir 1, Anna María Guðmundsdóttir 1, Arna Grímsdóttir 1.

#### STAÐAN

HAUKAR	15	14	0	1	452-344	28
ÍBV	15	12	0	3	446-390	24
STJARNAN	15	8	2	5	387-365	18
VALUR	15	8	0	7	361-366	16
FH	15	5	3	7	394-426	13
VÍKINGUR	15	4	0	11	362-394	8
FRAM	15	3	1	11	330-404	7
GROTTA/KR15	3	0	12	337-389	6	

## ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM

Þreska knattspyrnusambandið hefur lagt fram kærú á hendur Blackburn og Chelsea en í leik liðanna á Ewood Park sl. miðvikudag sauð upp úr milli leikmanna eftir að **Morten Gamst Pedersen** braut á markverðinum **Petr Cech**. Samherji **Cech**, miðvallarleikmaðurinn **Claude Makelele**, blandaði sér í málið sem varð til þess að fleiri leikmenn fylgdu í kjölfarið. Félagin tvö hafa frest fram til morgundagsins til að ganga við kærurni.



Úrslitin á Pan Pacific Open tennis móttinu í Tókýó ráðast í dag þegar **María Sharapova** og **Lindsay Davenport** eigast við í úrslitaleik. Báðar unnu þær undanúrslitaleiki sína örugglega, **Sharapova** vann **Shinobu Asagoe** en **Davenport** mætti **Svetlana Kuznetsova** og bar sigur út bítum. „Við áttum báðar góðan dag í dag og börðumst frá fyrstu mínútu til hinnar síðustu,“ sagði **Sharapova**. „**Lindsay** er best í heiminum þannig að þetta verður erfið viðureign.“



# ÚTSÖLULOK

## UM HELGINA Í HOLE IN ONE

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN  
Á VÖLDUM VÖRUFLOKKUM

15 - 70%  
AFSLÁTTUR


- Pólóbolir frá kr. 990.-
- Golfkerrur frá kr. 1.790.-
- Barnakylfur frá kr. 990.-
- Regnhlífur frá kr. 500.-
- 400cc driver á kr. 3.900.-
- Regncover á kr. 500.-

LÖNG OPNUNARHELGI:  
LAUGARDAG 10 - 18 OG SUNNUDAG 12 -16



Hole in One  
GOLFVERSLUN

Hole in One • Bæjarlind 1-3 • sími 577 40 40 • www.holeinone.is



## Litla flugvélín á loft á ný

Óvæntasta stjarna ítölsku Serie A deildarinnar þessa leiktíðina er framherji AS Roma, Vincenzo Montella. Hann er markahæsti maður með 17 mörk og ekkert þeirra úr vítaspyrnu nota bene, enda sér fyrirliðinn Francesco Totti um framkvæmd þeirra spyrna hjá Rómverjum.



EINAR LOGI VIGNISSON

Gengi Montella í vetur er merkilegt fyrir margra hluta sakir. Roma hefur átt í miklum erfiðleikum og það er óalgengt að framherjar blómstri þegar jafn mikið róleysi ríkir og í Róm þetta haustið þar sem þrír þjálfarar hafa reynt að beisla hestinn. Eins var risið á Montella orðið ákaflega lágt eftir þrjár afleitar leiktiðir og mikinn brotsjó í einkalífínu sem virtist hafa gengið endanlega frá þeim væntingum fyrrum þjálfara hans Sven Göran Eriksson að hann yrði alþjóðleg stórstjarna og fastamaður í ítalska landsliðinu.

### Varamaður hjá Capello

Mörk Montella hafa haldið Roma á floti og gert það að verkum að liðið á nú möguleika á að berjast um fjórða sæti deildarinnar sem gefur sæti í Meistaradeildinni. Slíkt var afar fjarlægt á haustdögum þegar Rudi Völler yfirgaf liðið og það beið niðurlægjandi ósigra. Áður hafði Cesare Prandelli yfirgefið þjálfarsætið en þessir tveir þjálfarar áttu það þó sameiginlegt með núverandi þjálfara, Luigi Del Neri, að velja Montella ævinlega í liðið. Það hafði forveri þeirra Fabio Capello ekki haft fyrir reglu og kennir Montella honum um það að hafa nær eyðilagt feril sinn. Capello er einn af þeim þjálfurum sem ríghalda í þá hugmyndafræði að spila með einn stóran mann frammi og einn afturliggjandi skapandi framherja. Montella passaði illa inn í þessa hugmyndafræði og voru örlög hans árum saman að vera varaskeifa á meðan trukkar á borð við Marco Delvecchio voru fyrsti kostur. Sama var uppi á teningnum í landsliðinu þar sem Christian Vieri hefur lengi verið fyrstur inn í liðið og Totti eða Del Piero leikið að baki hans. Einhvernvegin var almenn skoðun að Montella væri markaskorari af gamla skólanum sem skorti afgerandi sérhæfileika til að komast í allra fremstu röð. Enda eiga flestir erfitt með að benda á eitthvað sérstakt sem aðgreinir Montella frá öðrum framherjum nema þá helst vörumerki hans að fagna mörkum ævinlega vængjum þöndum en flughermileikur hans hefur skapað honum viðurnefnið „litla flugvélín“ (l'aeroplanino).

### Þrenningin í landsliðið?

Montella er glysgjarn drengur eins og algengt er um samlanda hans í stétt fótboldamanna og um árabíl var hann giftur frægri leikkonu úr sápuóperu og jafn fastur gestur á síðum slúðurblaða sem íþróttablaða. Skilnaður hans við leikkonuna hélst í hendur við fallandi gengi á leikvelli. En Montella virðist hafa notað sumarið vel til að ná áttum því hann skoraði strax í fyrsta leik og hefur ekki stoppað síðan. Er nú svo komið að leikkerfi Roma er hannað í kringum hann og hefur Del Neri stillt upp því sóknjarfa kerfi 4-3-3 með þá Totti og Cassano við hlið Montella. Landsliðsþjálfarinn Marcello Lippi valdi hann í landsliðið í haust eftir langa fjarveru og hefur gefið í skyn að hann muni gefa rómversku þrenningunni færi á að sanna sig saman í landsliðinu og þættu mörgum tíðindi til næsta bæjar að ítalskt landslið léki með þrjá menn frammi. Væri það endanleg staðfesting á að litla flugvélín er kominn hátt á loft á ný og nær kannski loks þeim hæðum sem Eriksson spáði fyrir um árið.



SVEN-GÖRAN ERIKSSON Valdi tvo nýliða í enska landsliðið í gær.

Sven-Göran Eriksson tilkynnir enska landsliðshópinn í gær:

## Tveir nýliðar í enska hópnum

**FÓTBOLTI** Stuart Downing, leikmaður Middlesbrough, og Andy Johnson, leikmaður Crystal Palace, voru í gær valdir í fyrsta sinn í enska landsliðið en Sven-Göran Eriksson tilkynnti þá hópinn sem mun taka þátt í vináttuleiknum gegn Hollandi á miðvikudag. Annars var lítið sem

kom á óvart í vali Erikssons en Glen Johnson og Kieron Dyer voru valdir í hópinn á nýjan leik. **Markverðir:** Paul Robinson, David James, Robert Green. **Varnarmenn:** Gary Neville, Ashley Cole, Glen Johnson, Jamie Carragher, Wayne Bridge, Ledley King, John Terry, Matthew Upson.

**Miðjumenn:** David Beckham, Frank Lampard, Owen Hargreaves, Jermaine Jenas, Joe Cole, Shaun Wright-Phillips, Steven Gerrard, Stuart Downing, Kieron Dyer. **Framherjar:** Michael Owen, Wayne Rooney, Jermaine Defoe, Andy Johnson.


**Ávæxtakarfan**  
Í AUSTURBÆ

Söngleikur eftir: Kristlaugu Mariu Sigurðardóttur og Þorvald Bjarna Þorvaldsson

Leikstjóri: Gunnar Ingi Gunnsteinnspri • **Danshöfundur og aðstoðarleikstjóri:** Ástrós Gunnarsdóttir • **Leikmyndahöfundur:** Hrafnhildur Stefánsdóttir

**Búningahöfundur:** María Ólafsdóttir • **Leikgerfi:** Kristín Thors og Friða María Harðardóttir • **Leikarar:** Sölmi Björnsdóttir, Lára Sveinsdóttir • Ingrid Jónsdóttir • Svein Geirsson • Jón Ingi Hákonarson • Tíana Hrafnisdóttir • Vilhur Freyr Einarsson

Jónsi • Birgitta Haukdal



Létt & laggott - í góðum málum



www.l&l.is

### KELP AND GREENS

Paraduft og grænt te



Húð, hár og neglur  
Hreinsun-þyngd

» FASTUR  
**birta**  
» PUNKTUR

## STUÐ MILLI STRÍÐA : Timor aetatis

KRISTJÁN HJÁLMARSSON KVARTAR UNÐAN KVILLUM

MYND: HELGI SIGURSSON



Áður en ég varð tíu ára hafði ég oft fengið gat á höfuðið en ég hef tölu á. Sömu sögu var að segja með sárin sem ég fékk á hné og olnboga. Slík meiðsl eru afar algeng hjá ungum drengjum en oftast það lítilsháttar að það mætti jafnvel kalla þau kvilla. Allir þessir kvillar hafa læknisfræðileg heiti sem fengin eru úr latínu. Fyrir vikið virðist oft um göfugri kvilla að ræða en raunin er. Þannig er gat á höfuði til dæmis kall- að laceration og brotinn olnbogi er fractura á olnboga.

Þegar tíu ára aldrinum var náð fóru annars konar kvillar að angra mig. Djúpur annars stigs brunni á hægri kálfa svo græða þurfti skinn af lærinu á mér til að bjarga honum. Óxl sem datt úr lið í fótboltaleik og á það enn til, við ólíklegustu tækifæri og á ólíklegustu stundum. Þeir kvillar bera einnig fágæðri nöfn svo sem incendium pedis og dislocatio á öxlinni.

Síðustu ár hafa enn aðrir kvillar verið að angra mig. Kvillar sem koma í kjölfar þess að aldurinn er að færast yfir. Má þar meðal annars nefna skallablett, eða alopecia, sem hvarf eftir stera-meðferð, krónískt exem eða eczema chronicama og flösuvertu eða ceberhosiíska vörtu, sem ég

reyndi að klippa af en óx bara aftur mun stærri.

Þessir kvillar hafa ekki gert mér illt nema síður sé. Þeir hafa gert mig að sterkari manni. Sömu sögu er þó ekki að segja af öðrum kvilla og þeim langlífasta. Hann er af allt annarri tegund en hefur fylgt mér í ein sjö ár. Þessi kvilli leggst á sálina á fólki og getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Hann fær mig að minnsta kosti til að horfa yfir lífshlaup mitt, fyllast skelfingu, örvæntingu, ótta, minnimáttarkennd, ofsakvíða og svo mætti lengi telja. Ég veit ekki hvort þessi kvilli eigi sér latneskt heiti. En ef svo er væri það líklega timor aetatis sem er betur þekktur undir íslenska heitinu aldurskomplexar. ■

## myndasögur


### ■ PONDUS

Eftir Frode Överli



### ■ PÚ OG PA

Eftir SÖB



**Meet the Fuckers**

Sendu SMS skeytið **JA MFF** á númerið 1900 og þú getir unnið. Vinningar eru:

- Miðar fyrir 2 á Meet the Fuckers og margt fleira!

99 kr/skeytið

LifeStream

**Natural CALCIUM**

120 CAPSULES

FASTUR

Fæst í apótekum

**FÖRDUNARSKÓLI**

**MAKE UP FOR EVER**

á Íslandi

1950 tímabil, nemandi Anna Kristín

**13 vikna nám í ljósmynda- og tískuförðun hefst 14. febrúar.**

